


FÉLAGSLEGT LANDSLAG Í REYKJAVÍK

Dreifing tekna, eigna og aðskilin búseta



Kolbeinn H. Stefánsson
Dósent við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Félagslegt landslag í Reykjavík. Dreifing tekna, eigna og aðskilin búseta

Janúar 2024

Útgefandi:

Reykjavíkurborg, Tjarnargata 11, 101 Reykjavík

Sími: 411-1111

Netfang: upplýsingar@reykjavik.is

Veffang: <https://reykjavik.is/>

© 2024 Kolbeinn H. Stefánsson

Efnisyfirlit	
Samantek á helstu niðurstöðum	1
1. Inngangur	3
2. Fræðilegt samhengi	4
2.1. Ójöfnuður, aðskilin búseta og hverfisáhrif	4
2.2. Ójöfnuður og lýðfræði	8
3. Reykjavík í tíma og rúmi	9
3.1. 2000-2020: Tími stórra atburða og þjóðfélagsbreytinga	9
3.2. Reykjavík á tímum þjóðfélagsbreytinga	10
3.3. Höfuðborgarsvæðið	11
4. Ójöfnuður í Reykjavík	15
4.1. Þróun ójafnaðar í Reykjavík frá 2000 til 2020	15
4.1.1. Ójöfnuður tekna og eigna	15
4.1.2. Dreifing eigna	19
4.1.3. Fjárhagsþrengingar	23
4.2. Reykjavík í tíma og rúmi	26
5. Borgarlandslagið	27
5.1. Lýðfræði	27
5.2. Fjárhagur íbúa mismunandi skólahverfa	32
5.3. Þróun ójöfnuðar og íbúasamsetning Reykjavíkur	37
5.3.1. Tekjur	37
5.3.2. Eignir og skuldir	43
6. Borg, úthverfi og áhrifasvæði	46
7. Umræða	50
Viðauki 1. Gögn	51
Viðauki 2. Skilgreiningar og aðferðir	52
Viðauki 2a. Ráðstöfunartekjur	52
Viðauki 2b. Lágtekjumörk	53
Viðauki 2c. Gini-stuðullinn	53
Viðauki 2e. Theil vísitalan og staðleysugreiningar	53
Viðauki 2f. Hlutfall á milli meðaltal og miðgildis eigna	53
Viðauki 2g. Skammtaaðhvarf	54
Viðauki 2h. Ólíkindavísitala	55
Viðauki 2i. Heimili og fjölskyldu	55
Viðauki 2h. Innflytjendur	55
Viðauki 2i. Menntun	56
Viðauki 2j. Palma hlutfallið	56
Heimildaskrá	56

Samantek á helstu niðurstöðum

Ójöfnuður í ráðstöfunartekjum jókst umtalsvert í Reykjavík á útrásartímanum en dróst snarlega saman í kjölfar hrunsins. Ójöfnuðurinn jókst svo lítillega á milli 2010 og 2022 en þó ekki svo að hann yrði meiri en hann var þegar hann var minnstur á árunum 2000 til 2008. Reykjavík var með næst hæsta ójöfnuðinn í ráðstöfunartekjum í samanburði við hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu árið 2020.

Árið 2000 var Reykjavík með næst hæsta lágtekjuhluðfallið á höfuðborgarsvæðinu. Lágtekjuhluðfallið í Reykjavík hækkaði á milli 2003 og 2007 en lækkaði snarlega á milli 2008 og 2009. Á milli 2012 og 2020 hækkaði lágtekjuhluðfallið svo úr 16% í 17,7%. Sá bakgrunnspáttur sem hefur hvað mest áhrif á að vera undir lágtekjumörkum í Reykjavík er fjölskyldugerð og þá eru það einstæðingar og einstæðir foreldrar sem standa upp úr hvað varðar auknar líkur á að vera undir lágtekjumörkum.

Búsetumynstur mismunandi tekjuhópa eru að einhverju leyti ólík. Þannig virðist lágtekjufólk að nokkru leyti aðskilið frá bæði milli- og hátekjufólki í búsetu innan Reykjavíkur. Aðskilnaðurinn jókst á milli 2000 og 2020. Árið 2000 hefðu 18,1% fólks í lægstu tíund tekjudreifingarinnar þurft að flytja um skólahverfi til að hafa sömu búsetudreifingu og fólk í efstu tíundinni en 12,1% hefðu þurft að flytja til að ná sömu búsetudreifingu og millitekjufólk. Árið 2020 voru þessi hlutföll orðin 25,1% og 23,6%. Aðskilnaður í búsetu innan Reykjavíkur einkennist fremur af aukinni einangrun lágtekjufólks en að hátekjufólk sé að flýja sambylí við tekjulægri hópa.

Eiginfjárstaða íbúa Reykjavíkur var sú fjórða versta af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu árið 2000 en ójöfnuður í eiginfjárstöðu sá þriðji mesti. Ójöfnuður í eiginfjárstöðu íbúa Reykjavíkur jókst hratt á milli 2007 og 2010 en minnkaði svo aftur fram til 2016 en hefur verið nokkuð stöðugur eftir það. Ójöfnuður í eignum ár árunum 2016 til 2020 var þó aldrei minni en hann hafði verið mestur á árunum 2000t til 2007. Aukningin í ójöfnuði frá 2005 til 2008 skýrist af því að eiginfjárstaða stóreignafólks batnaði á meðan eiginfjárstaða almenning versnaði með aukinni skuldsetningu heimila. Árin 2008 til 2010 versnaði svo eiginfjárstaða beggja hópa en þó meira fyrir almenning en stóreignafólk.

Árið 2020 var Reykjavík með annað hæsta hlutfall fjölskyldna með neikvæða eiginfjárstöðu af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfall fjölskyldna í Reykjavík sem voru með neikvæða eiginfjárstöðu lækkaði á milli 2000 og 2005 en hækkaði eftir það og mjög hratt á árunum 2007 til 2010. Eftir það lækkaði hlutfallið jafnt og þétt og árið 2020 var hlutfallið lægra en það hafði verið árið 2000, eða 16,5% samanborið við 17,9%.

Búsetumynstur innan Reykjavíkur eru mismunandi á milli hópa með misgóða eiginfjárstöðu. Tílhneigingin er fremur fyrir fólkið með bestu eiginfjárstöðuna til að skilja sig frá þeim sem hafa verri eiginfjárstöðu. Það dró hins vegar úr aðskilnaði í búsetu innan Reykjavíkur út frá eiginfjárstöðu á milli árána 2000 og 2020.

Hvar varðar stöðu hverfa þá standa tvö hverfi upp úr fyrir góða stöðu, það eru Fossvogsskólahverfi og Ártúnsskólahverfi. Aftur á móti eru fimm hverfi sem standa verr hvað varðar lágtekjuhluðföll eða vægi hópa sem búa við auknar líkur á fátækt. Lágtekjuhluðföllin eru hæst í skólahverfum Austur- og Vesturbæjarskóla en Fellaskólahverfi, Hólabrekkuskólahverfi, Breiðholtsskólahverfi eru með há hlutföll barna með lögheimili hjá einstæðum foreldrum, há hlutföll einstaklinga á aldrinum 18-66

ára sem fengu skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun og há hlutföll innflytjenda. Þessi hverfi einkennast einnig að samsöfnun fólks í neðri helmingi tekjudreifingarinnar. Hlutfall innflytjenda var líka hátt í skólahverfum Austur- og Vesturbæjarskóla.

Á tímabilinu sem er til skoðunar í þessari skýrslu einkenndust af umtalsverðum samfélagslegum og lýðfræðilegum breytingum á borð við mikla fjölgun innflytjenda, öldrun samfélagsins, hækkandi menntunarstig og aukna ásókn í háskólanám. Þá urðu breytingar á fjölskyldugerðum á þann hátt að einstaklingsfjölskyldum fjölgaði. Þessir þættir geta haft áhrif á ójöfnuð. Þeir þættir sem höfðu mest áhrif voru tveir samhangandi þættir, það er fjölgun innflytjenda og fjölgun einstaklingsfjölskyldna. Ef samsetning íbúa borgarinnar árið 2020 hefði verið sú sama og hún var árið 2000 með tilliti til vægis innflytjenda hefði tekjudreifingin verið rúmlega 6% jafnari. Ef dreifing fjölskyldugerða hefði haldist óbreytt á sama tímabili hefði tekjudreifingin verið rúmlega 7% jafnari.

Það hlutfall ójöfnuðar innan Reykjavíkurborgar sem má rekja til ójöfnuðar á milli hverfa hækkaði á milli 2000 og 2008, lækkaði á milli 2008 og 2012 en hækkaði svo aftur eftir það. Árin 2000 til 2008 var tvennt að gerast. Aðskilnaður í búsetu mismunandi tekjuhópa var að aukast en að auki hækkuðu tekjur hátekjufólks sem bjóð í efnameiri skólahverfum að hækka meira en annarra. Árin 2012 til 2020 var þróunin einkum drifin áfram af auknum aðskilnaði í búsetu mismunandi tekjuhópa.

Lýðfræðilegir þættir skýra rúmlega 60% af muninum á ráðstöfunartekjum á milli skólahverfa. Einn slíkur þáttur stendur upp úr, sem er breytingin á samsetningu fjölskyldugerða sem ein og sér skýrir um um 60% af muninum. Áhrif annarra breyta eru óveruleg nema menntunar, en þegar stýrt er fyrir menntun eykst tekjumunur á milli hverfa sem bendir til þess að búsetudreifing fólks með mismunandi menntunarstig stuðli að jöfnun tekna á milli hverfa í borginni.

Lýðfræðilegir þættir skýra rúmlega 90% af muninum á eiginfjárstöðu á milli hverfa. Sá þáttur sem skýrir mest af muninum er aldur sem skýrir rúmlega 80% af muninum. Aðrir þættir sem skipta verulegu máli er samsetning fjölskyldugerða, hlutfall innflytjenda og menntun (sem dregur úr muninum á milli skólahverfa, ólíkt því sem hún gerði varðandi tekjur). Þetta bendir til þess að munur á eiginfjárstöðu íbúa mismunandi skólahverfa sé að mestu leyti kominn til vegna þess að þeir hafa tilhneigingu til að vera á mismunandi aldri. Það bendir til þess að það sé ástæða til að rannsaka frekar hvernig búferlaflutningar á milli skólahverfa og á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu tengjast tilteknum fösum í lífshlaupinu svo sem því að flytja úr foreldrahúsum, upphafi hjúskapar, barneignum, skilnuðum, brottflutningi uppkominna barna og svo eftirlaunaaldrinum.

Að lokum benda niðurstöður skýrslunnar ekki til þess að lágtekjufólk leiti í auknu mæli út fyrir Reykjavík þrátt fyrir hækkandi húsnæðisverð. Þær benda hins vegar til að rótgrónari lágtekjuhópar—svo sem fjölskyldur einstæðra foreldra og fólk sem fær skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun—leita í auknu mæli út fyrir Reykjavík og þá einkum til nágrannasveitarfélaganna utan Stór-Reykjavíkursvæðisins en að (oft tekjulágir) innflytjendur hafi komið í þeirra stað.

1. Inngangur

Á undanförunum árum hefur svæðaskipting íslensks þjóðfélags hlotið allnokkra athygli innan félagsvísindanna, ekki síst fyrir tilstilli Þórodds Bjarnasonar og samstarfsfólks hans sem hefur lyft grettistaki í rannsóknum á búsetuþróun á Íslandi (Ólöf Garðarsdóttir, Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, & Ian Shuttleworth, 2020; Þóroddur Bjarnason, 2022) og lífið í landsbyggðunum (Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Þóroddur Bjarnason, Aileen Stockdale, & Tialda Haartsen, 2021; Þóroddur Bjarnason, 2018, 2019 og 2021). Aftur á móti er minna vitað um samfélagið í höfuðborginni og í nágrannasveitarfélögum hennar. Í þessari skýrslu er tekið skref í að bæta úr því með kortlagningu á félagslegu landslagi með áherslu á tekjur og eignir en einnig verður horft til mikilvægra lýðfræðilegra breytinga sem hafa átt sér stað á undanförunum árum og áratugum, það er öldrun samfélagsins, fjölgun innflytjenda, breytingum á fjölskylduformum og hækkandi menntunarstigs. Slíkar breytingar geta haft áhrif á ójöfnuð í samfélögum.

En af hverju þarf að rannsaka höfuðborgina og höfuðborgarsvæðið sérstaklega? Augljósu rökkin eru að mjög stór hluti íbúa landsins býr á þessu svæði. Í upphafi árs 2022 bjó rúmur þriðjungur íbúa Íslands í Reykjavík og tæp 63% búa á Stór-Reykjavíkursvæðinu, eins og það er skilgreint af Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands, n.d.a.). Það er því mikilvægt að skilja samfélagið á höfuðborgarsvæðinu betur enda er það veigamikill hluti af íslensku þjóðfélagi.

Önnur ástæða til að rannsaka Reykjavík og höfuðborgarsvæðið er að þau hafa tekið hröðum breytingum á undanförunum árum og áratugum. Sem dæmi má nefna vísbendingar um að búseta fólks sem starfar eða nemur í Reykjavík eða á Stór-Reykjavíkursvæðinu er að verða dreifðari og mögulega að færast í auknu mæli til nágrannasveitarfélaga utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Þetta birtist meðal annars í því fólksflutningar frá Stór-Reykjavíkursvæðinu til nærliggjandi sveitarfélaga hafa verið vaxandi það sem af er þessari öld (Ólöf Garðarsdóttir, Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, & Ian Shuttleworth, 2020).

Þessi þróun getur haft áhrif á lífskjör, fátækt og ójöfnuð í Reykjavík og í nágrannasveitarfélögum. Það skiptir til dæmis máli hvort mismunandi hópar eru að flytja á ólíka staði. Til að mynda, ef sveitarfélag laðar fyrst og fremst að sér námsfólk birtist það sem lækkandi tekjur íbúa sveitarfélaga auk þess sem umtalsverður hluti aðfluttra stoppar tiltölulega stutt við. Það hefur áhrif á bæjarbraginn. Ef sveitarfélag laðar fyrst og fremst að lágtekjufólk, til dæmis vegna lágs húsnæðiskostnaðar, getur það leitt til hærri lágtekjuhluftalls í sveitarfélaginu. Hvort ójöfnuður eykst til lengri tíma ræðst þá af því hvernig þeir íbúar sem voru fyrir bregðast við, hvort þeir búa áfram í sveitarfélaginu eða flytja annað. Ef sveitarfélag dregur að eldra fólk sem er með uppkomin börn birtist það í hækkun ráðstöfunartekna og hefur áhrif á eftirspurn eftir þjónustu frá sveitarfélaginu. Þjónusta við börn fær minna vægi, þjónusta við eldri borgara fær aukið vægi.

Síðast en ekki síst: Það hvernig búseta mismunandi hópa dreifist, bæði á milli sveitarfélaga og á milli skólahverfa innan Reykjavíkur, getur haft áhrif á fjölda þátta í lífi fólks, svo sem nám barna, heilsu, öryggi og félagslegan hreyfanleika.

Megin viðfangsefni þessarar skýrslu er ójöfnuður í tekjum og eignum. Á Íslandi er okkur tamt að hugsa um ójöfnuð í tekjum út frá dreifingu tekna á milli einstaklinga. Þróun ójöfnuðar í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu verður skoðuð á þann hátt í þessari skýrslu. Ójöfnuðurinn er hins vegar ekki aðeins á milli einstaklinga. Hann hefur landfræðilega birtingarmynd. Tekjuhærra fólk er líklegra til að búa á sumum svæðum og tekjulægra fólk á öðrum. Það verður fjallað um það í þessari skýrslu,

bæði með því að skoða tiltekin sveitarfélög og skólahverfi Reykjavíkur en einnig með því að greina tilhneiginguna til aðskilinnna búsetumynstra mismunandi tekjuhópa bæði á höfuðborgarsvæðinu og innan Reykjavíkur. Það er í aðskildri búsetu mismunandi tekjuhópa sem mörg af neikvæðum áhrifum ójöfnuðar verða til (Sharkey, 2013; Tammaru, Marcinczak, van Ham, & Musterd, 2016; Wilson, 2009).

Í skýrslunni verður ójöfnuður tekna og eiginfjárstöðu innan Reykjavíkur rakinn á tímabilinu 2000 til 2020, Reykjavík sett í samhengi við nærliggjandi sveitarfélög og munur á milli skólahverfa innan Reykjavíkur greindur. Stuðst er við hefðbundnar mælingar á ójöfnuði á milli einstaklinga á borð við Gini-stuðulinn en einnig verður horft til mælinga sem fanga landfræðilega vídd ójafnaðarins, svo sem ólíkindavísitölu (e. dissimilarity index) sem dregur fram mismun á búsetumynstrum ólíkra tekju- og eignahópa.

Í þessari rannsókn er höfuðborgarsvæðið skilgreint jafnvel enn víðar en Stór-Reykjavíkursvæðið samkvæmt Hagstofunni sem samanstendur af Reykjavík og samliggjandi þéttbýlum sveitarfélögum, það er Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður en Kjalarnesið er undanskilið. Í þessari rannsókn er Kjalarnesið talið sem hverfi í Reykjavík og höfuðborgarsvæðið skilgreint sem „áhrifasvæði“ höfuðborgarinnar enda bendir margt til að sífellt fleiri einstaklingar sem starfa eða stunda nám í Reykjavík búa utan hennar og utan Stór-Reykjavíkursvæðisins eins og Hagstofan skilgreinir það, svo sem í Reykjanesbæ, Vogum á Vatnsleysuströnd, Hveragerði og á Akranesi. Hvar áhrifasvæði höfuðborgarinnar er ekki ljóst á þessari stundu og því var ákveðið að kasta víðu neti og taka inn sveitarfélögin á Suðurnesjum, sem og sveitarfélög á Suðurlandi og Vesturlandi sem eru nálægt Stór-Reykjavíkursvæðinu. Minnstu sveitarfélögin voru sameinuð í gögnunum til að gæta persónuverndar (sjá viðauka 1).

Uppbygging skýrslunnar er sem hér segir. Í 2. kafla skýrslan sett í fræðilegt samhengi með því að greina frá erlendum rannsóknum sem varða viðfangsefni skýrslunnar. Í köflum 3 til 6 eru svo birtar niðurstöður tölfræðigreininga. Í þriðja kafla er staðan í Reykjavík sett í samhengi við nágrannasveitarfélögin. Í kafla fjögur er fjallað um þróun ójafnaðar tekna og eigna innan Reykjavíkur sem og þróun aðskilnaðar mismunandi tekjuhópa í búsetu. Í fimmta kafla eru ójöfnuður innan borgarinnar skoðaður nánar með því að skoða muninn á milli skólahverfa. Í sjötta kafla er svo fjallað um breytingar á búsetumynstra lágtekjufólks og fólks sem tilheyrir hópum sem búa við auknar líkur á fátækt og horft til breytinga innan skólahverfa og sveitarfélaga í senn. Í kafla 7 eru helstu niðurstöður teknar saman og þær settar í víðara samhengi. Auk þessara kafla eru tveir viðaukar sem fjalla um gögn, aðferðir og skilgreiningar.

Auk kaflanna fjögurra inniheldur skýrslan tvo viðauka sem fjalla um 1) gögnin sem liggja til grundvallar greiningunum; 2) skilgreiningar á lykil hugtökum og þær tölfræðilegu aðferðir sem er beitt við greiningu gagnanna.

2. Fræðilegt samhengi

2.1. Ójöfnuður, aðskilin búseta og hverfisáhrif

Tímabilið frá 9. áratug síðustu aldar hefur einkennst af vaxandi ójöfnuði í hinum vestræna heimi, í bæði tekjum og eignum (Atkinson, 2015; Piketty, 2017) og borgir hafa ekki farið varhluta af því. Dreifingar tekna og eigna innan borga hafa einnig orðið ójafnari á sama tímabili (van Ham, Tammaru, Ubarevicene, & Janssen, 2021), að hluta vegna þátta sem borgaryfirvöld hafa litla stjórn

yfir þó reyndar megin einnig færa rök fyrir því að borgir sé ein af driffjöðrum ójöfnuðar (Florida, 2017). Hverju sem því líður þá er engu að síður ljóst að ójöfnuður hefur aukist víða innan borga á Vesturlöndum og aukinn ójöfnuður getur haft ýmsar afleiðingar fyrir borgarsamfélagið.

Ójöfnuður getur haft ýmsar neikvæðar afleiðingar fyrir samfélög almennt. Rannsóknir benda til dæmis til að mikill ójöfnuður geti dregið úr trausti í samfélaginu og ýtt undir spennu á milli mismunandi hópa (Barone & Mocetti, 2016; Graafland & Lous, 2019). Of mikill ójöfnuður getur líka haft neikvæð áhrif á heilsufar fólks (Marmot, 2016). Þá er margt sem bendir til þess að mikill ójöfnuður dragi úr félagslegum hreyfanleika á milli kynslóða (Bukodi & Goldthorpe, 2019) og tengist neikvæðum afleiðingum fyrir bæði einstaklinga og samfélag (Wilkinson & Pickett, 2011 og 2019), þó margt sé enn á huldu um nákvæmlega hvað skýrir það samband.

Ójöfnuður innan borga snýst þó ekki aðeins um ójöfnuð á milli einstaklinga heldur tekur ójöfnuðurinn á sig landfræðilegar birtingarmyndir (Tammaru, Marcinczak, van Ham, & Musterd, 2016; van Ham, Tammaru, Ubareviciene, & Janssen, 2021). Tekjur og eignir fólks hafa til dæmis áhrif á það í hvaða hverfum fólk býr. Í sumum hverfum er aukið hlutfall íbúa með háar tekjur, í öðrum er aukið hlutfall lágtekjufólks. Í sumum hverfum er það millitekjufólk. Enn önnur hverf eru tiltölulega blönduð.

Það eru ekki aðeins tekjur sem hafa áhrif á búsetumynstur innan borga. Búseta ræðst til dæmis af lífshlaupinu (Chen & Rosenthal, 2008; Coulter & Scott, 2015). Börn hafa lítið val um hvar þau búa. Þegar fólk flytur að heiman velur það sér búsetu. Valið á búsetu ræðst af mörgum þáttum. Sumt ungt fólk vill halda tryggð við hverfið sem það ólst upp í. Annað ungt fólk leitar í nálægð við skóla eða vinnu. Ungt barnlaust fólk kann að vilja búa í miðbænum sem gefur því færi á að njóta frelsis síns sem mest. Þegar börnin koma byrjar fólk að velta fyrir sér búsetu út frá gæðum skóla og hvernig umhverfið er fyrir börn. Þegar börnin verða fullorðin og flytja að heiman vill sumt fólk minnka við sig. Sumir flytja aftur í miðborgina til að njóta endurheimts frelsis. Þetta eru aðeins nokkur dæmi um hvaða þættir hafa áhrif á búsetuval fólk. Það er hins vegar rétt að hafa í huga að val á búsetu ræðst ekki bara af óskum og þörfum fólks. Það hafa ekki allir kost á að búa þar sem þeir helst vilja. Fólk velur sér búsetu innan þess ramma sem fjárhagur þeirra setur, það er út frá tekjum og eignum annars vegar og framboði af húsnæði og húsnæðisverði í mismunandi hverfum hins vegar.

Þá hafa uppruni og jafnvel litarháttur áhrif á búsetu, eins og er þekkt úr bandarískum rannsóknum. Þannig hafa innflytjendur af tilteknum uppruna tilhneigingu til að safnast fyrir á tilteknum svæðum borga (Fong & Berry, 2017). Slík mynstur eiga sér flóknar skýringar, sambland af vali, takmörkuðum björgum, hentugleika, aðgengi að upplýsingum og mismunun.

Þegar fólk flytur til nýs lands hefur það gjarnan takmarkaðar upplýsingar um staðarhætti og nýta þá gjarnan þau tengsl sem það hefur þá þegar í nýja samfélaginu til að finna sér húsnæði. Það eru oftast en ekki einstaklingar sem sjálfir eru innflytjendur frá sama landi og viðkomandi. Þeir finna húsnæði á þeim svæðum sem þeir þekkja best, því hverfi sem þeir búa eða í nálægum hverfum. Það getur líka verið hentugt að búa á sama svæði og aðrir innflytjendur af sama uppruna upp á að mynda tengslanet sem veita stuðning sem var til staðar í upprunalandinu og getur auðveldað innflytjendum að skjóta rótum í nýju samfélagi. Þær bjargir sem fólk kemur með—hvort sem það er til dæmis fjármagn eða menningarauður—tengjast gjarnan upprunasvæði þeirra. Ef innflytjendur koma með takmarkaðar bjargir þrengir það val þeirra um búsetu.

Skýrasta dæmið um mismunun kemur úr bandarískum rannsóknum á búsetumynstrum svartra Bandaríkjamanna (Massey & Denton, 1993; Sampson, 2012; Wilson, 2009). Þó ástandið hafni að nokkru leyti batnað frá því á níunda áratug síðustu aldar (Iceland, 2009) hefur búsetumynstrum svartra Bandaríkjamanna verið stýrt með verri aðgangi að lánsfjármagni en hvítir með svípaðar tekjur og eignastöðu njóta. Þá sýna fasteignasölur svörtum Bandaríkjamönnum stundum færri, verri og verr staðsettar eignir en sambærilegum hvítum Bandaríkjamönnum (Galster & Godfrey, 2007; Oh & Yinger, 2015). Þá mótast reynsla fólks sýn þeirra á mismunandi svæði borga sem hefur áhrif á búsetuval þeirra, oft á þann hátt að það viðheldur aðskilnaði á milli hópa, enda oft kerfisbundinn munur á milli hópa hvað varðar reynslu og upplifanir af borgarsamfélaginu (Krysan & Crowder, 2017). Fyrir innflytjendur á Íslandi er ekki óhugsandi að hliðstæðir þættir hafi áhrif á búsetu að minnsta kosti sumra innflytjendahópa á höfuðborgarsvæðinu.

Þeir þættir sem hefur verið tæpt á hér að framan móta búsetumynstur borgarbúa á þann hátt að mismunandi hópa eru að einhverju leyti aðskildir eftir svæðum, svo sem innfæddir og innflytjendur og mismunandi tekjuhópar. Oft fer það saman þannig að innflytjendur og lágtekjufólk safnast fyrir í tilteknum hverfum. Þetta er kallað aðskilnaður í búsetu (e. residential segregation). Erlendar rannsóknir sýna að aðskilnaður í búsetu mismunandi tekjuhópa hefur aukist samfara ójafnari tekjudreifingu á undanförunum árum og áratugum (Tammaru, Marcinczak, van Ham, & Musterd, 2016; van Ham, Tammaru, Ubareviciene, & Janssen, 2021). Aðskilnaður í búsetu getur þó verið tvennskona. Annars vegar þannig að lágtekjufólk er einangrað á tilteknum svæðum, hins vegar þannig að hátekjufólk kys að einangra sig frá lág- og millitekjuhópum (Fong, Shibuya, & Berry, Segregation, 2022). Annað útilokar ekki hitt.

Samsöfnun hópa í tilteknum hverfum skiptir máli út af svokölluðum hverfisáhrifum (e. neighborhood effects). Hugmyndin um hverfisáhrif er sú að umhverfið sem fólk býr í hafi áhrif á lífsgæði þess umfram það sem leiðir af lýðfræðilegum og efnahagslegum einkennum þeirra (Sampson, 2012; Wilson, 2009). Til að skýra hvað er átt við má horfa til klassískrar rannsóknar farsóttarfræðingsins Josephs Goldberg (Goldberger, Wheeler, & Sydenstricker, 1920). Goldberg var að rannsaka húðkröm (e. pellagra). Goldberg komst að því að líkurnar á því að fá húðkröm tengdust ekki aðeins efnahag einstaklinga heldur einnig tilteknum aðstæðum á svæðinu sem þeir bjuggu á, það er framboði af fæði á svæðinu. Efnameira fólk hafði ráð á betra fæði, sem veitti vernd gegn húðkröm, en góður fjárhagur gerði minna gagn ef framboð af betra fæði var takmarkað.

Niðurstöður Goldberg eru nokkuð augljósar. Nútímarannsóknir á hverfisáhrifum eru ögn flóknari. Þær snúast ekki um hvernig ytri aðstæður á borð við framboð af næringu hefur áhrif á heilsu heldur um mun óræðari spurningu: Hvernig hefur félagslegt umhverfi, sem mótast af aðstæðum einstaklinganna sem búa í því, áhrif á þessa sömu einstaklinga?

Ef við ímyndum okkur hverfi í ímyndaðri borg þar sem fátækt er mun tíðari en í öðrum hverfum borgarinnar. Er fátækt svona tíð í hverfinu af því lágtekjufólk leitar í hverfið eða er eitthvað við það að búa í hverfinu sem eykur líkurnar á að búa við fátækt? Þessi spurning hefur verið eitt af megin viðfangsefnum rannsókna á aðskilinni búsetu svartra og hvítra Bandaríkjamanna (Massey & Denton, 1993; Krysan & Crowder, 2017).

Bandaríski félagsfræðingurinn William Julius Wilson (1987 og 2009) vildi ná utan um ágreiningsefni í bandarísku samfélagi, það er hvort há tíðni fátæktar á meðal svartra Bandaríkjamanna væri afleiðing af samfélagsgerð sem jaðarsetti þá eða vegna þess að svartir Bandaríkjamenn hefðu

tileinkað sér gildi og viðmið sem stæðu þeim fyrir þrifum. Annað þarf auðvitað ekki að útiloka hitt. Wilson tók útgangspunkt í tveimur staðreyndum: 1) Fátækt er mun tíðari á meðal svartra en hvíttra í Bandaríkjunum; og 2) aðskilnaður í búsetu svartra og hvíttra er mikill og viðvarandi í bandarískum borgum. Það þýðir að fátækt dreifist ójafnt á milli hverfa bandarískra borga. Af þessum staðreyndum leiðir svartir einstaklingar sem búa við fátækt eru líklegri en hvítir einstaklingar sem búa við fátækt til að búa í hverfum þar sem hátt hlutfall íbúa voru einnig fátækir. Af því leiðir svo aukin útilokun hópsins frá bandarísku samfélagi almennt sem hefur aftur áhrif á lífskjör og tækifæri hans.

Wilson lýsir hverfisáhrifum sem samþjöppunaráhrifum (e. concentration effects) þar sem samþjöppun jaðarsetts hóps á litlu svæði geti af sér gagnmenningu (e. counter culture) sem er að umtalsverðu leyti í andstöðu við ríkjandi gildismat í bandarísku samfélagi, sem meðlimir hópsins upplifa að standi þeim fyrir þrifum. Gagnmenningin er dæmi um hverfisáhrif þar sem það þarf að vera nægileg samsöfnun jaðarsettra einstaklinga til að gagnmenningin skjóti rótum. Gagnmenningin hjálpar hinum jaðarsettu að því leyti að þeir varðveita sjálfsvirðingu sína en dýpkar þó jaðarsetningu þeirra og dregur enn frekar úr tækifærum þeirra.

Douglas Massey og Nancy Denton (1993) tóku sama útgangspunkt og Wilson en horfa til annarra hverfisáhrifa. Það að svartir Bandaríkjamenn með lágur tekjur þjappist saman á lítil svæði hefur ýmsar áþreifanlegar afleiðingar. Vegna verri fjárhags svæðisins er framboð af verslun og þjónustu almennt verra og fleiri húsum er ekki haldið við. Í Bandaríkjunum eru skólar gjarnan fjármagnaðir með fasteignasköttum á skólahverfið, sem þýðir að skólarnir í umræddum hverfum eru verri sem dregur úr möguleikum barna og ungmenna til að vinna sig úr fátækt. Þar sem íbúar þessara hverfa eru oft í viðkvæmri stöðu á vinnumarkaði eru áhrif efnahagskreppa meiri en á önnur hverfi. Fleiri hús fara í niðurníðslu, verslun og þjónusta leggjast af og skólarnir versna. Það viðheldur svo og eykur á jaðarsetningu íbúanna.

Hvort sem við horfum til Wilson eða til Massey og Denton er ein afleiðing af hverfisáhrifum þau að staða íbúa jaðarsettra hverfa er jafnvel enn verri en aðstæður þeirra væru ef þau hefðu sama fjárhag en byggiu í hverfi þar sem íbúasamsetningin væri önnur. Rannsóknir á hverfisáhrifum benda til þess að hverfin sem fólk býr í tengist meðal annars líkamlegri heilsu (Ellen, Mijanovich, & Dillman, 2001), geðheilsu (Freedman & Woods, 2013), menntun (Wodtke, Harding, & Elwert, 2011), ungbarnadauða (Sims, Sims, & Bruce, 2007) og heimilisofbeldi (Sampson, 2012. Í stuttu máli: Fátækt hefur áhrif á ýmsar útkomur einstaklinga en að auki eru áhrif af því að búa í umhverfi þar sem fátækt er útbreidd óháð aðstæðum einstaklingsins.

Að samþjöppun fátæktar og einsleitni hafi óheppilegar afleiðingar fyrir bæði einstaklinga og borgarsamfélagið er einn af rauðu þráðunum í rannsóknum á hverfisáhrifum og aðskildum búsetumynstrum. Meiri blöndum hópa leiðir til meiri ójöfnuðar innan hverfa en Íslenskar rannsóknir hafa þó sýnt að það hefur ekki endilega góð áhrif þegar kemur að vissum útkomum barna. Jón Gunnar Bernburg, Þóroldur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (2009) komust að því að áhrif bágs fjárhags á frávíkshæðun voru veikari í þeim hverfum þar sem fjárhagur íbúa var verri almennt. Bæði sambönd má rekja til félagslegs samanburðar (e. social comparisons) enda litast upplifun fólks á eigin aðstæðum af aðstæðum annarra í kringum það. Fyrir börn og unglínga má ætla að samanburðarhópurinn skilgreinist að umtalsverðu leyti af skólahverfinu. Arndís Vilhjálmisdóttir, Ragna B. Garðarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Inga Dóra Sigfúsdóttir fundu einnig samband á milli ójöfnuðar í hverfum og vanlíðan á meðal unglínga (2016).

2.2. Ójöfnuður og lýðfræði

Á hverjum tímapunkti má greina mun á milli hverfa hvað varðar samsetningu íbúa. Hverfi taka hins vegar stöðugum breytingum við það að nýir íbúar flytja í þau á meðan aðrir íbúar flytja í burtu eða deyja. Mismunandi samsetning íbúa getur haft umtalsverð áhrif á ójöfnuð á milli hverfa og breytingar á samsetningu íbúa getur valdið breytingum á ójöfnuði innan hverfis og stöðu hverfis innan borgar.

Þannig má til dæmis ímynda sér að þegar ný hverfi eru byggð í útjaðri borga laði þau til sýn ungar barnafjölskyldur sem eru að leitast við að tryggja sér rými fyrir stækkandi fjölskyldu, að minnsta kosti ef uppbygging þjónustu í nýju hverfi er ásættanleg. Ungar barnafjölskyldur búa gjarnan við þróngan fjárhag þar sem atvinnutekjur hafa tilhneigingu til að hækka með aldir (Bhuller, Mogstad, & Salvanes, 2017) auk þess sem útgjaldaþörf þeirra er oft mikil (Bradbury, 2008). Húsnæði í nýjum hverfum í jaðri borga bjóða þá upp á hagstæðara fermetraverð og lægri viðhaldskostnað.

Þegar börnin eru byrjuð í grunnskóla skapar það hvata til að halda sig við hverfið til að valda ekki of miklu raski á lífi og félagslegum tengslum barnanna. Stór hluti fólks heldur sig því við hverfið þar til börnin hafa klárað grunnskólann, þó það færi sig ef til vill til innan hverfis. Hverfið eldist sem því nemur. Við það hækka meðaltekjur hverfisins. Þegar yngsta barnið hefur lokið grunnskóla breytast þarfir fólks og sumir flytja úr hverfinu. Aðrir halda tryggð við það. Við það hefst viss endurnýjun þar sem nýtt fólk kemur í stað þeirra sem flytja í burtu. Ef til vill er það yngra fólk, með ung börn sem er að hefja sama ferli. Tekjur hverfisins lækka við það, aldursamsetningin breikkar, ójöfnuður innan hverfisins eykst. Á hverju ári flytja einhverjir í burtu eða deyja, yngra fólk kemur í staðinn og ásýnd hverfisins helst nokkuð stöðug.

En við getum líka ímyndað okkur önnur ferli, svo sem að íbúarnir sem fluttu fyrst inn í hverfið eftir að það var byggt haldi flestir tryggð við hverfið. Það hægir á endurnýjun íbúa hverfisins þar sem það dregur úr framboði af húsnæði. Hverfið heldur áfram að eldast, börnum fækkar, hverfið færast hægt og rólega ofar í tekjudreifingu borgarinnar og ójöfnuður helst nokkuð stöðugur og ef hann breytist endurspeglar það breytingu á milli hópanna sem búa í hverfinu fremur en breytingar á samsetningu íbúa hverfisins. Á einhverjum tímapunkti verður svo hröð breyting á samsetningu íbúa við það að eldri íbúar hverfisins deyja og nýir íbúar koma í þeirra stað með tilheyrandi breytingum á tekju- og eignastöðu hverfisins í samanburði við önnur hverfi.

Heldrunarferli (e. gentrification) er vel þekkt form breytinga á íbúðahverfum. Slíkt ferli felur í sér straum af efnameira fólki sem flytur inn í hverfi þar sem uppistaða íbúanna er lágtekjufólk (Florida, 2017). Það hefur gjarnan áhrif á framboð af vöru og þjónustu í hverfinu sem um ræðir þar sem fyrirtæki sem þjónusta þarfir nýju íbúanna fylgja á eftir. Vörur þeirra og þjónusta er oft dýrari en íbúarnir sem eru fyrir hafa efni á. Þegar efnameiri íbúum fjölga verður sífellt erfiðara fyrir fyrirtækin sem eru fyrir í hverfinu að keppa um húsnæði við fjársterkari fyrirtæki sem vilja hefja starfsemi í hverfinu. Aðgengi efnaminni íbúa að vöru og þjónustu versnar og kostnaður þeirra eykst. Húsnæðisverð hækkar einnig og þrengir að fjárhag tekjulægri íbúa, sérstaklega þeim sem búa í leiguhúsnæði (Baum-Snow & Hartley, 2016). Tekjulægri hópnun er þannig gert erfiðara að búa í hverfinu, hverfisbragurinn og íbúasamsetningin gerbreyst.

Heldrunarferli hafa ýmsar afleiðingar fyrir bæði hverfið sem um ræðir og svo aðskilnað í búsetu mismunandi tekjuhópa. Hverfið færast úr því að vera lágtekjuhverfi og endar jafnvel í efri hluta tekjudreifingarinnar. Þessi breyting er þó ekki til marks um að lífskjör íbúa hverfisins hafi breyst

heldur endurspeglar fyrst og fremst breytta samsetningu íbúanna. Lágtekjufólkið sem bjó í hverfinu er margt hvert enn lágtekjufólk, það býr bara annarsstaðar (Helbrecht, 2018). Ójöfnuður byrjar að aukast í upphafi heldrunarferlisins en nær á vissum tímupunkti hámarki en byrjar svo að minnka vegna fækkunar lágtekjufólks. Framan af draga heldrunarferli úr aðskilnaði í búsetu mismunandi tekjuhópa þar sem mismunandi hópar blandast í hverfinu sem um ræðir. Á endanum byrjar þó aðskilnaður í búsetu að aukast aftur við það að lágtekjufólk flýr hverfið og betur sett fólk flytur inn í hverfið í þeirra stað (Tammaru T., Marcinczak, Aunap, van Ham, & Janssen, 2020). Heldrunarferli eru oft afleiðing stefnu stjórnvalda um endurnýjun svæða (Zuk, o.fl., 2015). Slíkt hefur oft góð áhrif á hverfið án þess að bæta neitt fyrir íbúana sem voru í hverfinu fyrir.

Að lokum er þekkt að innflytjendur safnast stundum saman í tilteknum hverfum. Sumar af ástæðum þess voru ræddar hér að framan. Nákvæmlega hvaða áhrif þetta hefur á stöðu hverfisins varðandi til dæmis tekjur og ójöfnuð er að vissu marki órátt og háð bæði menningarlegri og efnahagslegri fjarlægð á milli uppruna- og áfangalands sem og hvaða störfum innflytjendur hafa tilhneigingu til að sinna (Fong & Berry, 2017). Það virðist þó vera algeng að innflytjendur skjóti fyrst rótum í tekjulægri hverfum. Þetta breytir ásýnd hverfisins og getur haft áhrif á framboð af vöru og þjónustu en án þess að því fylgi endilega breytingar á efnahagslega stöðu hverfisins eða ójöfnuð innan þess. Þegar hlutfall innflytjenda hækkar er hins vegar hætt við að það bresti flótti á íbúana sem voru í hverfinu fyrir. Þetta getur leitt til þess að efnahagsleg staða hverfisins versnar en á sama tíma dregur úr ójöfnuði.

Staða innflytjenda er hins vegar ekki óumbreytanleg. Hagur þeirra hefur tilhneigingu til að vænkast því lengur sem þeir búa í nýja landinu. Tekjur hækka, þeir mynda eign og sumir koma sér upp sparnaði. Ef þeir halda tryggð við hverfið ætti það að leiða til þess að efnahagur þess batni og að ójöfnuður innan þess aukist. Oftar en ekki gerist það þó að innflytjendur flytja úr hverfinu þegar hagur þeirra vænkast (Fong & Berry, 2017). Ef hverfi fá á sig orð fyrir fátækt eða fyrir að vera innflytjendahverfi er hætt við að þeir séu leystir af hólmi af öðrum tekjulágum einstaklingum og innflytjendum. Hverfið festist í sessi sem lágtekju- og/eða innflytjendahverfi.

3. Reykjavík í tíma og rúmi

3.1. 2000-2020: Tími stórra atburða og þjóðfélagsbreytinga

Fyrstu tveir áratugir 21. aldarinnar voru tími stórra atburða og umtalsverðra þjóðfélagsbreytinga. Á seinni hluta árs 2008 brast á alþjóðleg fjármálakreppa sem hafði stórfelld áhrif á íslenskt efnahagslíf og vorið 2020 hélt alþjóðleg farsótt innreið sína í íslenskt samfélag og hafði mikil áhrif á bæði efnahagslíf og lífshætti þjóðarinnar.

Á þessu tímabili breyttist einnig margt í íslensku samfélagi. Stærsta breytingin var sennilega mikil og hröð fjölgun innflytjenda á Íslandi en samkvæmt tölum Hagstofu Íslands bjuggu um 10 þúsund innflytjendur á Íslandi í byrjun árs 2001, sem nam rúmlega 3,5% mannfjöldans. Við lok árs 2020 voru innflytjendur orðnir rúmlega 57 þúsund, sem nam um 15,5% mannfjöldans (Hagstofa Íslands, e.d.b).

Hagstofan birtir einnig tölur um menntunarstig íbúa landsins frá 2003 sem eru unnar upp úr evrópsku vinnumarkaðsrannsókninni (Hagstofa Íslands, n.d.c.). Árið 2003 höfðu um 35% íbúa landsins aðeins lokið grunmenntun en tæp 27% höfðu lokið háskólanámi af einhverju tagi. Árið 2020 hafði fjöldi fólks sem hafði lokið háskólanámi sirka tvöfaldast, úr 38.100 í 77.200 einstaklinga

á meðan fólki sem hafði aðeins lokið grunnnámi hafði beinlínis fækkað um rúmlega fjögur þúsund einstaklinga. Árið 2020 voru þannig fleiri einstaklingar sem höfðu lokið háskólanámi en höfðu aðeins lokið grunnnámi.

Breytingarnar voru aðeins hóflegri þegar kemur að fjölskyldulífi en markverðar þó. Þannig voru einstaklingsfjölskyldu 52,1% fjölskyldna á Íslandi í byrjun árs 2001 en 59,4% í lok árs 2020. Á móti hafði vægi fjölskyldna barnafólks í hjúskap lækkað úr 22,4% í 16,2%. Fjölskyldur einstæðra foreldra fóru á sama tímabili úr því að vera 7,4% í 5,9% allra fjölskyldna (Hagstofa Íslands, n.d.d.). Á bakvið breytingar á fjölskylduhögum eru svo breytingar á aldurssamsetningu íbúa landsins. Í ársbyrjun 2001 var meðalaldur Íslendinga 34,8 ár við lok árs 2020 var hann kominn í 38,4 ár (Hagstofa Íslands, n.d.e.). Þjóðin hefur verið að eldast þannig að hlutfall eldri borgara hefur hækkað.

Þessi þróun er ekki bundin við Ísland. Öldrun samfélaga er ein af þeim áskorunum sem vestræn þjóðfélög standa frammi fyrir. Öldrun samfélaga þýðir að meðalaldur íbúa er að hækka og aldurssamsetning þeirra að breytast, hlutfall eldri borgara hækkar á meðan hlutfall yngra fólks lækkar (Sander, o.fl., 2015). Öldrun samfélaga á sér tvær megin orsakir: 1) Efnahagslegar, félagslegar og tæknilegar framfarir juku lífslíkur á 20. öldinni. Fleira fólk lifir lengur; og 2) aldurssamsetning samfélaga er að breytast vegna breytinga á fæðingartíðni yfir tíma. Þar skiptir uppgangskynslóðin (e. baby boomers) umtalsverðu máli en þetta er kynslóð sem er fjölmennari en kynslóðirnar sem komu bæði á eftir henni og á undan. Í Bandaríkjunum byrjaði fæðingartíðni til dæmis að hækka á fimmta áratug 20. aldarinnar. Oft er horft til þeirra sem fæddust á árunum 1946 til 1964 sem uppgangskynslóðarinnar í Bandaríkjunum. Á Íslandi byrjaði fæðingartíðni einnig að hækka um 1940 og náði hámarki árið 1957. Eftir 1960 byrjaði fæðingartíðnin svo að lækka hratt. Nokkuð hefur hægt á lækkan fæðingartíðninnar frá seinni hluta níunda áratugarins en árið 2021 var hún engu að síður meira en helmingi lægri en hún var 1957 (Hagstofa Íslands, n.d.f.). Þetta þýðir að frá því um 2010 hafa tiltölulega fjölmennir og sífellt fjölmennari árgangar verið að komast á eftirlaunaaldur. Það birtist í því að frá 2009 hefur framfærsluhlutfall aldraðra (skilgreint sem fjöldi fólks eldra en 64 ára sem hlutfall af fjölda fólks á aldrinum 15 til 64 ára) hækkað úr 17,1 árið 2008 í 22,5 árið 2022 (Hagstofa Íslands, n.d.g). Þetta hlutfall mun halda áfram að hækka í fyrirsjáanlegri framtíð og hefði hækkað meira ef ekki hefði komið til fjölgun innflytjenda á sama tímabili.

Fjöldi örorkulífeyrisþega jókst einnig á tímabilinu, úr um 10.750 árið 2000 í rúmlega 21 þúsund árið 2020 (Tryggingastofnun ríkisins, n.d.). Ef horft er til mannfjöldaþróunar á sama tíma er fjölgunin þó ekki eins sláandi, eða úr 3,8% allra íbúa landsins árið 2000 í 5,7% árið 2020. Þá er vert að athuga að fjöldi örorkulífeyrisþega sem hlutfall íbúa landsins hefur svo gott sem staðið í stað frá árinu 2016 (Ibid.) sem skýrist þó að hluta af aukinni áherslu á starfsendurhæfingu og fjölgun endurhæfingarlífeyrisþega. Hluta af skýringunni á fjöldaþróun örorkulífeyrisþega má einnig finna í öldrun samfélagsins sem var rædd hér að ofan en líkurnar á örorku aukast með aldri (Kolbeinn Stefánsson, 2019).

3.2. Reykjavík á tímum þjóðfélagsbreytinga

Reykjavík og höfuðborgarsvæðið hafa ekki farið varhluta af þessum þjóðfélagsbreytingum sem jafnframt eru þess eðlis að þær hafa áhrif á dreifingu tekna og eigna, ekki bara í íslensku þjóðfélagi heldur einnig innan Reykjavíkur og á höfuðborgarsvæðinu.

Við lok árs 2020 bjuggu 133.262 einstaklingar í Reykjavík, samkvæmt skrám Hagstofu Íslands, og hafði þeim fjölgað um 21.718 einstaklinga frá lokum árs 2000, eða sem nemur 19,5% (Hagstofa

Íslands, n.d.a.). Miðað við þau gögn sem liggja til grundvallar þessari skýrslu var meðalaldur íbúa 37,9 ár og hafði hækkað um 2,8 ár frá lokum árs 2000. Þá voru 20,6% íbúa börn (<18 ára) en það hlutfall hafði lækkað um 4,6 prósentustig frá lokum árs 2000. Hlutfall ungmenna (18 til 29 ára) hafði lækkað mjög lítillega, úr 19,7% í 18,7%. Hlutfall fólks á eftirlaunaaldri (>66 ára) hafði hins vegar aukist lítillega, úr 11,4% í 12,2%.

Innflytjendum fjölgaði einnig. Við árslok 2020 voru innflytjendur 21,3% íbúa Reykjavíkur, sem var hærra hlutfall en það var á landsvísu. Árið 2000 voru innflytjendur 4,4% íbúa borgarinnar, sem var einnig hærra hlutfall en á landsvísu. Hlutfall barna sem voru með lögheimili hjá einstæðu foreldri var 28,1% árið 2000 en hækkaði í 29,6% árið 2004. Síðan þá hefur hlutfallið lækkað og árið 2000 var það komið niður í 26,6%. Því miður innihalda gögnin ekki upplýsingar um eiginlega búsetu skilnaðarbarna og við getum því ekki sagt hvort börn upplifa til dæmis fátækt á heimili þess foreldris sem þau deila ekki lögheimili með.

Gögnin bjóða því miður ekki upp á skýra mynd af fjöldaþróun öryrkja í Reykjavík. Þau innihalda upplýsingar um það hvort fólk hafi fengið skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og það er hægt að nálgast örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega auk örorkustyrkþega með því að afmarka greininguna á grundvelli þeirra upplýsinga en það verður að hafa í huga að hópurinn sem fær skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun er að einhverju leyti víðari en bara örorkulífeyrisþegar. Árið 2000 fengu 13,1% íbúa Reykjavíkur á aldrinum 18 til 66 ára skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun en árið 2020 var hlutfallið 10,6%.


Menntunarstig Reykjavíkur er umtalsvert hærra en á Íslandi í heild (Hagstofa Íslands, n.d.h) og hefur að auki hækkað umtalsvert frá aldamótum samkvæmt þeim gögnum sem þessi skýrsla byggir á. Við árslok 2000 voru tæplega 44% íbúa Reykjavíkur aðeins með grunnmenntun og rúmlega 18% með háskólanám til BA-gráðu eða hærra. Árið 2020 var fyrra hlutfallið komið niður í 32% og það síðara í rúm 33%. Það er rétt að taka fram að þessar tölur eru ekki sambærilega við útgefnar tölur Hagstofu Íslands um menntunarstig þar sem þær tölur byggja á úrtaksrannsókn en þær tölur sem eru birtar hér eru birtar á skrárgögnum Hagstofunnar.

Það eru hins vegar ekki bara lýðfræði borgarbúa sem hefur tekið breytingum á því tímabili sem er hér til skoðunar heldur hefur borgin sjálf breyst að því leyti að hún hefur vaxið til austurs. Frá árinu 2000 hafa til dæmis bæst við fjögur ný skólahverfi.


3.3. Höfuðborgarsvæðið

Það er gagnlegt að skoða hvernig lýðfræði Reykjavíkurborgar lítur út í samanburði við nærliggjandi sveitarfélög. Mynd 1 sýnir meðalaldur íbúa sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu árið 2020. Reykjavík er um miðju dreifingarinnar. Aftur á móti er vægi barna í íbúafjöldanum í lægra lagi samanburði við nærliggjandi sveitarfélög (mynd 2). Þá er Reykjavík með lægsta hlutfall íbúa á eftirlaunaaldri (mynd 3).


Mynd 1. Meðalaldur íbúa sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu árið 2020



Mynd 2. Börn (<18 ára) sem hlutfall íbúa sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu árið 2020




Mynd 3. Fólk á eftirlaunaaldri (>66 ára) sem hlutfall íbúa sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu árið 2020




Hvað varðar innflytjendur þá var Reykjavík rétt fyrir ofan miðju dreifingarinnar árið 2020 (mynd 4) en það er ástæða til að skoða dreifinguna nánar. Raunar er hægt að skipta sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinum í tvennt, það er þau sveitarfélög þar sem innflytjendur eru yfir 20% íbúa og þau sveitarfélög þar sem innflytjendur eru minna en 15% íbúa. Reykjavík tilheyrir fyrri hópnum en er með lágsta hlutfallið á meðal þeirra sveitarfélaga. Hin sveitarfélögin sem eru með hátt hlutfall innflytjenda eru sveitarfélögin á Reykjanesskaga og tvö sveitarfélög á Suðurlandi.

Menntunarstig íbúa Reykjavíkur var tiltölulega hátt árið 2020 en þó ekki það hæsta á höfuðborgarsvæðinu (mynd 5). Reykjavík var með þriðja hæsta hlutfall íbúa sem höfðu lokið háskólanámi til gráðu og fjórða lágsta hlutfallið sem hafði aðeins lokið grunnskólanámi. Aðeins Seltjarnarnes og Garðabær voru með herra hlutfall íbúa sem höfðu lokið háskólanámi og sömu sveitarfélög auk Kópavogs voru með lægra hlutfall sem hafði aðeins lokið grunnnámi. Innan Reykjavíkur voru konur líklegri en karlar til að hafa lokið háskólanámi, eða 28,6% kvenna samanborið við 20,7% karla.

Mynd 4. Vægi innflytjenda í íbúafjölda sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu árið 2020




Mynd 5. Hlutfall íbúa sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu með háskólamenntun eða aðeins grunmenntun árið 2020




Hlutfall íbúa sem fengu skattskyldar greiðslur frá TR var lægra í Reykjavík en í nágrennasveitarfélögunum árið 2020 (mynd 6). Árið 2000 hafði hlutfallið í Reykjavík verið það fjórða lægsta á eftir Mosfellsbæ, Garðabæ og Seltjarnarnesi. Hlutfallið hækkaði hins vegar í þessum sveitarfélögum á milli 2000 og 2020, eins og raunar í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu nema í Reykjavík og í Reykjanesbæ. Hækkunin var hvað mest í Hveragerði (5,3 prósentustig), Suðurnesjabæ (4,4 prósentustig), Árborg (4,1 prósentustig), en einnig nokkur í Vogum á Vatnsleysuströnd og í Ölfusi (3 prósentustig). Eitt sem kann að skýra þetta er mismunandi þróun fasteignaverðs í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sem kann að hafa leitt til þess að einstaklingar með lága framfærslu, sem á við um allnokkurn hluta þeirra sem fá skattskyldar tekjur frá Tryggingastofnun, leiti í auknu mæli út fyrir Reykjavík og Stór-Reykjavíkursvæðið. Innan Reykjavíkur voru konur líklegri en karlar til að fá skattskyldar greiðslur frá TR, eða 139% kvenna og 7,5% karla.

Mynd 6. Hlutfall íbúa (18-66 ára) sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem fá skattskyldar greiðslur frá TR



Mynd 7. Hlutfall barna sem voru með lögheimili hjá einstæðu foreldri í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu árið 2020



Aftur á móti er hlutfall barna sem býr hjá einstæðu foreldri næst hæst í Reykjavík (mynd 7). Aðeins í Vogum er hlutfallið hærra. Fjölskyldur einstæðra foreldra eru gjarnan í neðri hluta

tekjudreifingarinnar þar sem þær hafa aðeins eina fyrirvinnu (Kolbeinn Stefánsson, 2019b) og fyrir vikið mætti ætla að búsetumynstur þeirra væri svipuð og fólks sem fær skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun. Þó kann að vera að aðrir þættir vegi þyngra í búsetuvali einstæðra foreldra, svo sem búseta hins foreldrisins, aðgengi að þjónustu sem og nálægð við vinnustað sem kann að auðvelda þeim að láta samspil vinnu og fjölskyldulífs ganga upp.

Sú mynd sem er hér dregin upp af Reykjavík er í stuttu máli þessi: Meðalaldur íbúa er um miðja dreifinguna en hlutfall barna og fólks á eftirlaunaaldri eru hins vegar tiltölulega lág. Greining sem er ekki birt hér sýndi einnig að hlutfall einhleypna einstaklinga á aldrinum 18 til 66 ára var almennt hærra í Reykjavík en í nágrannasveitarfélögunum. Þetta kann að benda til þess að ungu fólki án fjölskyldu þyki eftirsóknarvert að búa í Reykjavík en þegar fólk stofnar fjölskyldu hafi það vissa tilhneigingu til að leita út fyrir höfuðborgina eftir húsnæði. Hlutfall innflytjenda er tiltölulega hátt í Reykjavík en þó ekki með því hæsta sem gerist. Hlutfall fólks á aldrinum 18 til 66 ára sem fær skattskyldar greiðslur frá TR er það lægsta á höfuðborgarsvæðinu en hlutfall barna sem býr hjá einstæðum foreldrum er tiltölulega hátt.

4. Ójöfnuður í Reykjavík

Efnahagslegur ójöfnuður er megin viðfangsefni þessarar skýrslu. Hér verður einkum horft til tveggja stærða, það er dreifingu ráðstöfunartekna annars vegar og dreifingu eigna og skulda hins vegar. Hefðbundin nálgun á ójöfnuð er að skoða dreifingu tiltekinna þátta á milli einstaklinga og nota mælingu á borð við Gini-stuðulinn til að meta hversu ójafnt þeir skiptast. Sú nálgun verður notuð hér. Ójöfnuðurinn hefur hins vegar landfræðilega birtingarmynd þegar kemur að borgum. Tekjur hafa áhrif á hvaða svæðum fólk býr á þannig að tekjuhærra fólk hefur tilhneigingu til að safnast saman í tilteknum hverfum og fólk með lágur tekjur í öðrum. Að hve miklu leyti slíkur aðskilnaður á milli tekjuhópa er til staðar í tiltekinni borg er svo empirísk spurning. Það verður einnig greint í þessari skýrslu, bæði með svokallaðri ólíkindavísitölu búsetumynstra mismunandi tekjuhópa en einnig með aðhvarfsgreiningum.

4.1. Þróun ójafnaðar í Reykjavík frá 2000 til 2020


4.1.1. Ójöfnuður tekna og eigna

Við byrjum á þróun tekjudreifingarinnar á milli einstaklinga innan Reykjavíkur á tímabilinu sem er hér til skoðunar með því að skoða Gini-stuðla ráðstöfunartekna hvers árs (sjá skilgreiningu ráðstöfunartekna í viðauka 2a).

Mynd 8a sýnir Gini-stuðul hvers árs fyrir ráðstöfunartekjur Reykvíkinga. Árið 2000 var Gini-stuðullinn fyrir Reykjavík 0,370 og flókti nokkuð fram til 2003. Frá 2003 til 2007 hækkaði gildistuðullinn nokkuð, úr 0,351 í 0,406. Þessi aukning skýrist af útrásartímanum svokallaða sem einkenndist af almennt mikilli aukningu ójafnaðar á Íslandi (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Frá 2007 til 2010 dró aftur umtalsvert úr ójöfnuði tekna í Reykjavík þegar Gini-stuðullinn fór niður í 0,314. Síðan þá má greina örtilta tilhneigingu til vaxandi ójöfnuðar innan borgarmarkanna en þó ekki meira en svo að ójöfnuður hefur aldrei orðið meiri eftir 2008 en hann var minnstur árin 2000 til 2008. Árið 2020 var Gini-stuðullinn fyrir Reykjavík svo 0,323.¹


¹ Glöggir lesendur átta sig á að Gini-stuðlarnir í mynd 8 eru nokkuð hærri en þeir eru almennt fyrir Ísland í heild sinni í útgáfum Hagstofu Íslands. Það er þó ekki hægt að draga þá ályktun að ójöfnuður sé meiri í Reykjavík en á landinu almennt heldur skýrist munurinn af þeim gögnum sem liggja til grundvallar. Hér er stuðst við skrárgögn sem

Mynd 8a. Gini-stuðlar fyrir ráðstöfunartekjur Reykvíkinga árin 2000 til 2020




Gini-stuðullinn er þeim annmarka háður að hann er ekki sérlega næmur fyrir breytingum á sitthvorum enda tekjudreifingarinnar. Til að greina þróun tekjudreifingarinnar nánar sýnir mynd 8b svokallað Palma-hlutfall (viðauki 2) sem nálgast ójöfnuð á milli neðri hluta tekjudreifingarinnar og efsta hluta hennar og er fyrir vikið ekki háð sama annmarka og Gini-stuðullinn. Í stuttu máli þá gefur Palma-hlutfallið sömu niðurstöðu og Gini-stuðullinn. Ójöfnuður jókst á útrásartímanum, dróst svo saman í kringum hrunið, jókst lítillega fram til 2018 en dróst lítillega saman eftir það og varð aldrei meiri eftir hrun en hann var lægstur fyrir hrun.

Mynd 8b. Palma-hlutföll fyrir íbúa Reykjavíkur 2000-2020



ná yfir allt fólk sem er með skráð lögheimili í Reykjavík en Hagstofan byggir sínar niðurstöður á úrtaksrannsókn en í þeim er hætt við að svarhlutföll séu verri á sitthvorum endum tekjudreifingarinnar. Þá liggja ólíkar einingar til grundvallar jafngildingu ráðstöfunartekna. Í tölum Hagstofunnar eru notuð heimili, sem eru þeir einstaklingar sem deila húsnaði, en hér er horft til kjarnafjölskyldna, það er einstaklinga sem tengjast í gegnum hjúskap eða blóðbönd. Einnig má ætla að innflytjendur sem fluttu til landsins á árinu sem um ræðir séu of taldir undir lágtekjumörkum þar sem hópurinn hefur ekki heilt tekuár í skrár fyrir það árið þó ætla megi að þeir hafi haft tekjur í landinu sem þeir fluttu frá.

Til að átta sig á þýðingu Gini-stuðulsins í Reykjavík er gagnlegt að setja hann í samhengi við Gini-stuðla nágrannasveitarfélaganna (mynd 9). Árið 2020 var aðeins eitt sveitarfélag þar sem ójöfnuður var meiri en í Reykjavík. Það var Seltjarnarnes þar sem Gini-stuðullinn var 0,323. Hvernig ber að túlka það? Frá ýmsum sjónarhornum er æskilegt að ójöfnuður sé sem minnstur en þó þannig að ójöfnuður fari saman við almennt góð lífskjör. Staðreyndin er hins vegar sú að í sumum af jafnari sveitarfélögum á þetta ekki endilega við þar sem lágur Gini-stuðull er fyrst og fremst til marks um samsöfnun lágtekjufólks í sveitarfélaginu sem um ræðir. Sveitarfélög á borð við Hafnarfjörð, Mosfellsbæ og Kópavog eru hins vegar dæmi um sveitarfélög þar sem fara saman almennt ögn hærri tekjur en í Reykjavík en einnig jafnari tekjudreifing.




En að hvaða marki eru búsetumynstur mismunandi tekjuhópa ólík? Mynd 10 sýnir þróun svokallaðrar ólíkindavísitölu fyrir samanburð búsetumynstra þriggja tekjuhópa eftir skólahverfum, það er á milli þeirra sem eru í efstu og neðstu tekjutíund sem og þeirra 10% sem eru í miðju tekjudreifingarinnar.

Það liggur beint við að byrja á því að skoða ólíkindavísitöluna fyrir búsetumynstur þeirra tekjuhæstu og þeirra tekjulægstu. Árið 2000 hefðu að lágmarki 18,1% annars hvors hópsins þurft að flytja sig á milli skólahverfa til að búsetumynstur hátekjufólks og lágtekjufólks væru þau sömu yfir skólahverfi í Reykjavík. Þetta hlutfall hækkaði yfir tímabilið sem er hér til skoðunar, en þó ekki jafnt og þétt. Árið 2020 hefðu 25,1% annars hvors hópsins þurft að flytja sig um set til að jafna búsetumynstrin.

Aðskilnaður í búsetu hátekjufólks og lágtekjufólks hefur þannig aukist innan Reykjavíkur það sem af er 21. öldinni en þó er rétt að hafa í huga að ólíkindavísitalan fyrir árið 2020 er ekki sérlega há í samanburði við það sem gengur og gerist í borgum á Vesturlöndum (van Ham, Tammaru, Ubarevicene, & Janssen, 2021). Þannig má segja að aðskilnaður í búsetu hátekju- og lágtekjufólks í Reykjavík fremur lítill en fari vaxandi.


Mynd 10. Ólíkindavísitala aðskilnaðar í búsetu á milli tekjuhópa eftir skólahverfum Reykjavíkurborgar



Aðskilnaður á milli tekjuhópa getur verið af tvennum ólíkum toga. Annars vegar er um að ræða tilhneigingu hátekjufólks til að einangra sig frá öðrum tekjuhópum. Það er til marks um val hátekjufólks í krafti fjárhagsstöðu sinnar. Hins vegar er samsöfnun lágtekjufólks á tilteknum svæðum, sem er meira til marks um þær þröngu skordur sem fjárhagurinn setur þeim og tilhneigingu milli- og hátekjufólks til að flytja af slíkum svæðum eða flytja yfirhöfuð ekki á þau. Mynd 10 bendir til þess að vaxandi aðskilnaður í búsetu tekjuhópa sé fyrst og fremst til marks um aukna samsöfnun lágtekjufólks á tilteknum svæðum enda var ólíkindavísitalan fyrir samanburð mið- og lágtekjufólks 0,236 árið 2020 sem er herra en hún var fyrir samanburð mið- og hátekjufólks (0,169).

Því miður er ekki hægt að gera greiningu á ólíkindavísitölu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu þar sem gögnin innihalda aðeins upplýsingar um skólahverfaskiptingu fyrir Reykjavík. Aftur á móti er hægt að skoða ólíkindavísitölu fyrir búsetumynstur mismunandi tekjuhópa eftir sveitarfélögum (mynd 11).

Mynd 11. Ólíkindavísitölur aðskilnaðar í búsetu á milli tekjuhópa eftir sveitarfélögum árin 2000 og 2020




Árið 2020 var aðskilnaðarvísitalan svo gott sem sú sama fyrir samanburðinn á milli miðtekju- og lágtekjufólks og hún var fyrir samanburðinn á milli miðtekju- og hátekjufólks. Hún var hins vegar allnokkuð hærri fyrir samanburð hátekju- og lágtekjufólks. Breytingin á milli árána 2000 og 2020 er hins vegar einnig athygliverð. Árið 2000 var ólíkindavísitalan allnokkuð hærri fyrir samanburð hátekju- og miðtekjufólks en á milli mið- og lágtekjufólks. Það sem virðist hafa gerst síðan er að búsetumynstur lágtekjufólks hafa í auknu mæli orðið ólíkari búsetumynstrum mið- og hátekjufólks eftir sveitarfélögum á meðan aðskilnaður í búsetu mið- og hátekjufólks hefur haldist svipaður. Það bendir til aukinnar samsöfnunar lágtekjufólks í tilteknum sveitarfélögum sem er í samræmi við það sem var rætt hér að framan um möguleg áhrif húsnæðiskostnaðar á búsetu þeirra sem fengu skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

4.1.2. Dreifing eigna

Mynd 12 sýnir hlutfallið á milli meðaltals og miðgildis eiginfjárstöðu fjölskyldna í Reykjavík á tímabilinu 2000 til 2020. Þetta er ein af þeim mælingum sem er notuð til að mæla ójöfnuð í eignum þar sem hefðbundnar ójafnaðarmælingar henta illa til þess (sjá viðauka 2f). Við sjáum að framan af er meðaltalið yfirleitt um þrisvar sinnum herra en miðgildið. Eftir 2005 breytist þetta og hlutfallið á milli mælinganna hækkar hratt fram til 2010 þegar meðaltal eiginfjárstöðu var rúmlega 23 sinnum herra en meðaltalið. Að er til marks um mikla aukningu í ójöfnuði eiginfjárstöðu á milli 2005 og 2010. Eftir 2010 lækkar hlutfallið á milli mælinganna svo fram til 2016 þegar meðaltalið var rúmlega fimm sinnum herra en miðgildið. Frá 2016 til 2020 hélst hlutfallið á bilinu fimm til sex á móti einum. Hin mikla ójafnaðaraukning eiginfjárstöðu á árunum 2005 til 2010 gekk því til baka að hluta en engu að síður var ójöfnuðurinn meiri árið 2020 en hann hafði verið frá því fyrir 2008.

Mynd 12. Hlutfallið á milli meðaltals og miðgildis eiginfjárstöðu fjölskyldna árin 2000 til 2020



Þegar við skoðum þróun fjárhags yfir tíma hafa tímabilin kennd við útrásina annars vegar og kjölfar hrunsins hins vegar oft mikið skýringargildi. Þróun ójafnaðar eiginfjárstöðu fellur þó ekki saman við þau tímabil. Ójöfnuðurinn hélt áfram að aukast eftir hrun og raunar varð ójafnaðaraukningin meiri tvö ár eftir hrun en hún hafði verið árin tvö fyrir það. Á bakvið þessar tölur er ögn flóknari saga. Á árunum 2000 til 2004 hækkuðu bæði miðgildið og meðaltalið jafnt og þétt og héldust nokkurn vegin i hendur. Á milli 2004 og 2005 varð svo umtalsverð hækkun beggja mæling. Eftir það skildu leiðir þeirra. Miðgildið lækkaði fram til 2010 en meðaltalið hélt áfram að hækka fram til

2007 en lækkaði svo á milli 2007 og 2010 en þó þannig að hlutfallið á milli meðaltals og miðgildis hélt áfram að hækka. Þetta þýðir að eiginfjárstaða almennings versnaði frá 2005 og fram að hruni en hélt áfram að batna hjá stóreignafólki. Hrunið kom svo verr niður á almenningi en stóreignafólki í Reykjavík. Síðan þá hefur almenningur unnið á en þó ekki meira en svo að ójöfnuður eiginfjárstöðu var meiri árið 2020 en hann hafði verið mestur fyrir hrun.


Önnur leið til að skoða þróun ójafnaðarins í ögn meiri upplausn er að skoða eiginfjárstöðu á tilteknum skurðarpunktum í dreifingu eiginfjárstöðu. Mynd 13 sýnir til dæmis eiginfjárstöðu við bæði efstu og neðstu tíundarmörk eiginfjárstöðu sem og miðgildi hennar. Sem slík gefur hún vísbendingu um þróunina almennt sem og fyrir stóreignafólk og þau verst settu.

Hin almenna þróun er rakin út frá miðgildinu. Eiginfjárstaða batnaði almennt sé á árunum 2000 til 2005, að minnsta kosti að nafnvirði, en fór svo versnandi fram til 2010. Þetta kann að skýrast af vaxandi skuldsetningu heimila fyrir tilstuðlan auðveldara aðgengis að fjármagni árin fyrir hrun og svo afleiðingum hrunsins. Síðan þá hefur eiginfjárstaðan batnað og var orðin betri árið 2020 en hún hafði áður verið (var sirka 2,7 sinnum betri árið 2020 en hún hafði verið árið 2000).


Fyrir stóreignafólkið batnaði eiginfjárstaðan hins vegar frá 2000 til 2009, versnaði svo lítillega á milli 2009 og 2010 en hefur batnað stöðugt síðan. Árið 2020 var eiginfjárstaða stóreignafólks 4,8 sinnum betri en hún hafði verið árið 2020, það er að nafnvirði. Munurinn á hinni almennu þróun og þróuninni hjá stóreignafólki er í rauninni það sem býr að baki því sem mátti sjá í mynd 12.

Það sem mynd 13 bætir við er að draga fram þróunina hjá þeim verst settu. Eiginfjárstaða þeirra var eiginfjárstaðan neikvæð allt tímabilið. Ólíkt hinni almennu þróun og þróuninni hjá stóreignafólki batnaði hún ekki á tímabilinu 2000 til 2004 en batnaði svo lítillega á milli 2004 og 2005. Frá 2005 til 2010 versnaði hún hins vegar umtalsvert, fór úr því að vera neikvæð um hér um bil 875 þúsund krónur í að vera neikvæð um um það bil 8,5 milljónir. Síðan þá hefur eiginfjárstaða þessa hóps batnað og árið 2020 var hún svo gott sem hún sama að nafnvirði og hún hafði veið árið 2000 (á meðan staðan var betri bæði hvað varðar almennu þróunina og þróunina hjá stóreignafólki).

Mynd 13. Eiginfjárstaða á þremur skurðpunktum í dreifingu eiginfjár.
Fjölskyldur í Reykjavík árin 2000 til 2020




Mynd 14. Eiginfjárstaða stóreignafjölskyldna í Reykjavík árin 2000 til 2020 út frá þremur skurðpunktum í dreifingu eiginfjárstöðu



Mynd 14 sýnir samskonar upplýsingar og mynd 13 nema fyrir mismunandi hópa stóreignafólks. Í stuttu máli var eiginfjárstaða við efstu tíundamörkin 4,8 sinnum betri að nafnvirði árið 2020 en hún hafði verið árið 2000, 4,9 sinnum betri við efstu tuttugustu hluta mörkin og 4,4 sinnum betri við efstu prósentumörkin.


Mynd 15. Ólíkindavísitölur á milli eignahópa eftir skólahverfum Reykjavíkurborgar árin 2000 til 2020



Mynd 15 sýnir ólíkindavísitölur fyrir samanburð á búsetumynstrum þeirra 10% sem eru í miðju dreifingar eiginfjárstöðu og þeirra 10% sem eru með verstu eiginfjárstöðuna annars vegar og miðjuhópsins og 10% sem voru með bestu eiginfjárstöðuna hins vegar. Niðurstöðurnar benda til þess að það sé fremur eignameira fólk sem safnist saman á tilteknum svæðum fremur en að fólk með slæma eiginfjárstöðu einangrist í tilteknum hverfum. Það sést á því að fyrir öll árin sem eru undir er ólíkindavísitalan hærri fyrir samanburð miðjuhópsins og best setta hópsins en fyrir samanburð miðjuhópsins og verst setta hópsins. Hér má þó greina að ólíkt aðskilnaði út frá tekjum er tilhneiging til minnkandi aðskilnaðar í búsetumynstrum yfir tímabilið sem er hér til skoðunar. Árið 2000 hefðu til dæmis 29,7% annað hvort lágtekjuhópsins eða hátekjuhópsins þurft að flytja á milli skólahverfa til að búsetumynstur þessara hópa væru þau sömu en árið 2020 hefðu aðeins


21,8% annars hvors hópsins þurft að flytja. Það er ekki ljóst hvers vegna þróunin er á annan veg þegar kemur að aðskildum búsetumynstrum eftir því hvort er horft til tekna eða eiginfjárstöðu. Það eru þó ýmsir þættir sem hafa mismunandi áhrif á þessar stærðir, eins og verður fjallað um síðar í þessari skýrslu.

Mynd 16. Miðgildi eiginfjárstöðu fjölskyldna mismunandi sveitarfélaga árið 2020



Til að átta okkur á stöðunni í Reykjavík er gagnlegt að setja höfuðborgina í samhengi við nærliggjandi sveitarfélög. Mynd 16 sýnir miðgildi eiginfjárstöðu í mismunandi sveitarfélögum. Hér er notast við miðgildi til að draga fram hina almennu mynd óskekktu af búsetumynstrum stóreignafólks. Seltjarnarnes og Gardabær skera sig úr hvað varðar góða eiginfjárstöðu íbúa almennt. Reykjavík er hins vegar neðarlega í dreifingunni, með fjórðu verstu eiginfjárstöðuna. Þau sveitarfélög sem eru næst Reykjavík eru þrjú af sveitarfélögunum á Suðurnesjum auk Bláskógabyggðar og Grímsness. Á bakvið þessa útkomu eru fjöldi þátta sem eru mismunandi á milli sveitarfélaga svo sem fasteignaverð sem og ólík samsetning íbúa þeirra.

Mynd 17. Hlutfallið á milli meðaltals og miðgildis eiginfjárstöðu fjölskyldna í mismunandi sveitarfélögum árið 2020




Mynd 17 sýnir ójöfnuð í eiginfjárstöðu fjölskyldna innan mismunandi sveitarfélaga með því að sýna hlutfallið á milli meðaltals og miðgildis eiginfjárstöðu líkt og var gert í mynd 12. Samkvæmt þessari mælingu var ójöfnuðurinn í eiginfjárstöðu sá þriðji mesti í Reykjavík. Ójöfnuðurinn var einungis meiri í Bláskólabyggð og Grímsnesi sem og í Reykjanesbæ. Þá var neikvætt samband á milli miðgildis eiginfjárstöðu og ójafnaðar fjárhagsstöðu ($R=-0,600$) sem þýðir að því betri sem eiginfjárstaða íbúa var almennt, því minni ójöfnuður. Sú niðurstaða stóð óhögguð þó útlagar væru fjarlægðir úr dreifingunni.

4.1.3. Fjárhagsþrengingar

Ein af ástæðunum fyrir því að við veltum fyrir okkur er ójöfnuði er hlutskipti þeirra sem standa verst. Við þekkjum til dæmis lágtekjuhlutfallið úr útgáfum Hagstofu Íslands sem er það sem áður kallaðist fátæktarhlutfallið. Útfærslan hér er sú sama og í útgáfum Hagstofunnar, það er það er miðað við 60% af jafngildum ráðstöfunartekjum heimila en þó eru niðurstöður í þessari skýrslu ekki sambærilega við tölur Hagstofunnar (sjá viðauka 2b).

Mynd 18 sýnir lágtekjuhlutfalls hvers árs 2000 til 2020. Hér eru tvö atriði sem er vert að benda á. Hlutföllin eru hins vegar öllu hærri en við þekkjum úr útgáfum Hagstofunnar. Það er ekki þar með sagt að fátækt sé meiri í Reykjavík en á landinu almennt. Gögnin eru einfaldlega ekki sambærileg. Hitt atriðið sem er vert að benda á er að lágtekjuhlutfallið lækkaði í kjölfar hrunsins. Skýringin á því er að tekjudreifingin dróst saman í kjölfar hrunsins. Því hærri tekjur sem fólk hafði, því meiri tilhneigingu höfðu þær til að lækka. Það hefur óhjákvæmilega þær afleiðingar að lágtekjumörk og lágtekjuhlutföll lækka. Þetta er því ekki til marks um að fátækt hafi minnkað í kjölfar hrunsins heldur er hér um að ræða mælingarfræðilegan annmarka lágtekjumarkanna varðandi samanburði lágtekjuhlutfalla yfir tíma sem er fjallað um í viðauka 2b. Árið 2020 voru karlar líklegri en konur til að vera undir lágtekjumörkum í Reykjavík, eða 19,6% samanborið við 15,7%.


Mynd 18. Lágtekjuhlutföll (<60% af miðgildi ráðstöfunartekna) í Reykjavík 2000-2020



Það er gagnlegra að nota lágtekjuhlutföllin til að staðsetja Reykjavík í samanburði við nágrannasveitarfélögin. Það er það sem mynd 19 gerir. Þó við getum ekki sagt með vissu fyrir um hlutfall fátækra í hverju sveitarfélagi gefa niðurstöðurnar okkur tilefni til að ætla að tíðni fátækta sé með hærri móti í Reykjavík, raunar sú næst hæsta á eftir Bláskógabyggð og Grímsnesi. Á eftir

Reykjavík koma svo Reykjanesbær og Borgarbyggð. Tíðni fátæktar er hins vegar lægst á Akranesi, í Garðabæ og í Mosfellsbæ.

Mynd 19. Lágtekjuhluftöll sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins árið 2020




Við getum einnig reynt að nálgast þróngan fjárhag út frá eignum frekar en tekjum. Mynd 20 sýnir til dæmis hlutfall fjölskyldna í Reykjavík sem voru með neikvæða eiginfjárstöðu hvert ár frá 2000 til 2020. Neikvæð eiginfjárstaða þýðir að eignir standa ekki undir skuldum þeirra og það getur skapað fólki ýmiskonar þrengingar, svo sem leitt til gjaldþrots eða fest fólki í óhentugu húsnæði svo dæmi séu tekin.

Hlutfall Reykvíkinga með neikvæða eiginfjárstöðu lækkaði á milli 2000 og 2005, um 3,3 prósentustig (úr 17,9%) en hækkaði svo lítillega á milli 2005 og 2006. Hlutfallið óx svo hratt í tengslum við hrunið og árið 2010 voru 36,5% fjölskyldna í Reykjavík með neikvæða eiginfjárstöðu. Hlutfallið lækkaði svo nokkuð hratt eftir 2010 og árið 2020 var það komið í 16,5% sem var svipað og það hafði verið á fyrstu árum aldarinnar.

Myndin sýnir einnig þróunina eftir því hve langt er í land, það er hvort eiginfjárstaðan var neikvæð um meira en eina milljón eða meira en fimm milljónir. Í stórum dráttum er sagan sú sama nema hvað að hlutfallið sem var með neikvæða eiginfjárstöðu sem nam milljón eða meira lækkaði ekki á milli 2000 og 2005 heldur stóð í stað en hlutfall þeirra sem voru með neikvæða eiginfjárstöðu sem nam fimm milljónum eða meira hækkaði á tímabilinu. Hvað varðar samanburð á stærð hópanna á milli 2000 og 2020 skar hópurinn sem var með neikvæða eiginfjárstöðu sem nam fimm milljónum eða meira að nafnvirði var stærri árið 2020 en hann hafði verið árið 2000, eða 4,8% samanborið við 1,8%.


Mynd 20 sýnir líkur mismunandi þjóðfélagsþópna innan Reykjavíkur á því að vera undir lágtekjumörkum árið 2020. Það sem hefur mest áhrif á þær líkur eru fjölskyldugerðir. Sú fjölskyldugerð sem hefur minnstar líkur á að vera undir lágtekjumörkum eru fjölskyldur í staðfestri samvist sem eru með börn, sem hefur líklega mest með aldurssamsetningu hópsins að gera. En fjölskyldur einstæðinga og einstæðra foreldra standa upp með auknar líkur á því að vera undir lágtekjumörkum.

Mynd 20. Auknar líkur á að vera undir lágtekjumörkum. Stuðlar úr tvíundagreiningu (logistic regression). Lógarítmísk umbreyting gagnlíkindahlutfalla



Aldur tengist einnig líkunum á að vera undir lágtekjumörkum, en yngri börn (0-10 ára) búa við hærri líkur en þau eldri (11-17 ára) sem skýrist að hluta af aldri foreldra og stöðu þeirra á vinnumarkaði. Líkurnar á að vera undir lágtekjumörk fyrir fullorðna einstaklinga lækka svo með hækkandi aldri. Almenn tækja líkurnar með hækkandi menntun en þó er athyglivert að fólk með BA-gráður er á svipuðu róli og fólk sem hefur lokið stúdentsprófi eða styttri framhaldsskólamenntun.


Mynd 21. Hlutfall fjölskyldna í Reykjavík með neikvæða eiginfjárstöðu 2000-2020



Að lokum býr önnur kynslóð innflytjenda við auknar líkur á því að vera undir lágtekjumörkum og innflytjendur jafnvel enn meiri líkur í samanburði við borgarbúa með íslenskan bakgrunn. Áhrifin eru þó fremur hófleg samanborið við áhrif fjölskyldugerða. Hér verður þó að hafa í huga að staða innflytjenda er ekki óháð öðrum þáttum á borð við menntun, aldur og fjölskyldugerð. Til að mynda

eru innflytjendur sem eru nýkomnir til landsins eða hafa dvalist hér í skemmri tíma öðrum líklegri til að vera einhlypir og barnlausir.

Þessar upplýsingar má svo nota til að staðsetja Reykjavík í samanburði við nágrannasveitarfélögin. Mynd 22 sýnir að hlutfall fjölskyldna með neikvæða eiginfjárstöðu árið 2020 var það annað hæsta í Reykjavík. Aðeins Vogar voru með hærri hlutföll en næst á eftir Reykjavík komu svo Reykjanesbær og Suðurnesjabær. Hlutföllin voru hins vegar lægst á Seltjarnarnesi og í Garðabæ. Heilt yfir má því ráða að fjárhagsþrengingar eru nokkuð tíðar í Reykjavík í samanburði við nágrannasveitarfélögin hvort sem horft er til tekna eða eiginfjárstöðu.



4.2. Reykjavík í tíma og rúmi

Þegar horft til ráðstöfunartekna er tekjudreifingin með ójafnara móti í samanburði við nágrannasveitarfélögin. Ójöfnuður á milli borgarbúa birtist í landslagi borgarinnar þar sem það er nokkur tilhneiging fyrir mismunandi tekju- og eignahópa að búa í mismunandi hverfum. Sú tilhneiging jókst hvað varðar mismunandi tekjuhópa yfir tímabilið sem gögnin ná yfir. Þegar kemur að tekjum eru það fremur lágtekjuhóparnir sem eru aðskildir frá mið- og hátekjuhópum fremur en að hátekjuhóparnir einangri sig. Hið gagnstæða á við um eignahópa en það má þó ætla að það snúist að nokkru leyti um lýðfræðilega þætti sem hafa meira afgerandi áhrif á skiptingu eigna en tekna.

Tekjudreifingin í Reykjavík varð jafnari í kjölfar hrunsins. Hún varð svo hægt og rólega ójafnari fram til 2018 en jafnaðist lítillega eftir það. Engu að síður hefur ójöfnuður í tekjum ekki náð sömu hæðum og á árunum fyrir hrun. Aftur á móti skilaði lækkun ójöfnuðar í eiginfjárstöðu í kjölfar hrunsins meiri ójöfnuði eigna og skulda en á árunum fyrir útrásartímenn.

Fjárhagsþrengingar eru líka með tíðara móti miðað við hlutfall íbúa undir lágtekjumörkum og hlutfall íbúa með neikvæða eiginfjárstöðu. Það er ekki hægt að draga miklar ályktanir af þróun lágtekjumarka yfir tíma en þróun neikvæðrar eiginfjárstöðu sýnir skýrt áhrif hrunsins á fjárhag fólk en einnig að eiginfjárstaða borgarbúa hefur batnað nokkuð hratt eftir 2010 og að árið 2020 var hlutfallið með neikvæða eiginfjárstöðu svipað og það hafði verið fyrir hrun ef ögn lægra.


5. Borgarlandslagið

Fram til þessa höfum við einkum einblínt á Reykjavík sem heild, það er þróun ójafnaðar yfir tíma og sett stöðuna árið 2020 í samhengi við stöðuna í nágrennasveitarfélögunum. Nú er hins vegar komið að því að skoða Reykjavík nánar með því að greina hvernig breytingarnar sem voru ræddar hér að ofan birtast í borgarlandslaginu á grundvelli skólahverfaskiptingar borgarinnar (sjá viðauka 1).

5.1. Lýðfræði

Við hefjum yfirferðina með því að skoða íbúasamsetningu skólahverfanna. Þeir lýðfræðilegu þættir sem hér verða raktir eru allir þess eðlis að geta haft áhrif á tekju- og eignastöðu mismunandi hverfa og skipta því máli þegar kemur að því að skýra muninn á milli hverfa.

Mynd 23 sýnir meðal aldur íbúa mismunandi skólahverfa. Meðalaldurinn er lægstur í þremur af fjórum nýju hverfum borgarinnar (skólar stofnaðir eftir 2000). Ingunnarskólahverfi er undantekningin og er með fimmta hæsta meðalaldurinn. Fjórða yngsta skólahverfið, Melaskólahverfi, er hins vegar gamalt og rótgróið hverfi. Lágur meðalaldur íbúa hinna nýju hverfa kann að vera tilkomin af því að þunginn af þeim sem setjast að í þeim sé ungar barnafjölskyldur sem fá ef til vill fleiri fermetra fyrir peningana sína en þau fengu eldri hverfum borgarinnar, auk nýlegs húsnæðis með hóflegum viðhaldskostnaði. Þau þrjú hverfi borgarinnar sem voru með hæstan meðalaldur voru Hvassaleitisskólahverfi, Fossvogsskólahverfi og Húsaskólahverfi. Munurinn á meðalaldrum íbúa yngsta og elsta hverfisins var 12,7 ár.




Meðalaldur íbúa í skólahverfum í Breiðholti er æði mismunandi. Í þremur er meðalaldurinn lægri en meðalaldur íbúa Reykjavíkur almennt, það er í Fellaskólahverfi, Breiðholtsskólahverfi og Seljaskólahverfi. Í tveimur hverfum er meðalaldurinn hærri en meðalaldur íbúa höfuðborgarinnar, það er Ölduselsskóla og Hólabrekkuskóla. Svipaða sögu má segja af skólahverfunum í Grafarvogi, þar sem tvö skólahverfi eru með lægri meðalaldur en íbúar Reykjavíkur, það eru Rímaskólahverfi og Borgaskólahverfi, en í fjórum þeirra er meðalaldurinn hærri, það er Engjaskólahverfi, Hamraskólahverfi, Foldaskólahverfi og Húsaskólahverfi. Hverfin í vesturhluta borgarinnar eru einnig mismunandi hvað varðar aldur íbúa, hæstur í skólahverfi Austurbæjarskóla (39,3 ár) en

lægstur í Melaskólahverfinu (34,1 ár). Munurinn á elsta og yngsta skólahverfinu í Breiðholti var 4,5 ár en munurinn á elsta og yngsta skólahverfinu í Grafarvogi var 5,3 ár.


En myndin sýnir einnig meðalaldur íbúa skólahverfa árið 2000. Það er ljóst að meðalaldurinn hefur breyst nokkuð í sumum hverfum. Þó meðalaldur borgarbúa hafi hækkað á milli 2000 og 2020 á það ekki við um öll hverfi. Í þeim hverfum sem meðalaldur hefur hækkað hefur hann einnig hækkað mismikið. Þannig hefur meðalaldur lækkað í sjö hverfum, mest í Langholtsskólahverfi (-2,9 ár) og Hvassaleitisskólahverfi (-2,2 ár). Þau hverfi þar sem meðalaldurinn hefur lækkað eru að mestu rótgróin hverfi. Ein möguleg skýring kann að vera að hverfin hafi gengir í gegnum endurnýjun eða séu að gera það. Endurnýjun hverfa á sér stað þannig að eldri íbúar sem hafa búið lengi í hverfinu annað hvort flytja úr hverfinu eða andast og yngra fólk flytur í hverfið fyllir í skörðin. Í flestum hverfum hefur meðalaldurinn þó hækkað. Mest hækkaði hann í Húsaskólahverfi (13,1 ár) en næst komu Engjaskólahverfi (12,8 ár), Rimaskólahverfi (11,8 ár) og Selásskólahverfi (10,3 ár). Af þessum skólahverfum er það einkum húsaskólahverfi sem er með háan meðalaldur og hugsanlegt að á næstu árum byrji hverfið að ganga í gegnum endurnýjun. Meðalaldurinn í Engjaskólahverfi og Selásskólahverfi er hins vegar lægri en meðalaldur allra íbúa Reykjavíkur og því líklega ögn lengra í endurnýjun þar.

Fjöldun innflytjenda hefur einnig verið mismikil í skólahverfum borgarinnar (mynd 24). Árið 2000 munaði 7,1 prósentustigum á vægi innflytjenda á milli þeirra hverfa sem voru með hæstu og lægstu hlutföllin. Árið 2020 var sá munur 45,6 prósentustig. Árið 2020 skar Fellaskólahverfi sig úr með langhæsta hlutfall innflytjenda en rétt rúmlega helmingur íbúa hverfisins voru innflytjendur. Raunar eru tvö svæði í borginni sem eru með áberandi há hlutföll innflytjenda, það eru fjögur af skólahverfunum í Breiðholti (undantekningin er Seljaskólahverfi) svo og skólahverfi Austurbæjarskóla og Vesturbæjarskóla í hinum enda borgarinnar. Raunar teygir þessi samsöfnun innflytjenda sig lengra enda eru Háteigsskólahverfi og Álftamýrarskólahverfi með hærra hlutfall innflytjenda en í Reykjavík heilt yfir. Að lokum eru tvö skólahverfi sem eru með hærra hlutfall en Reykjavík almennt, það er Klébergsskólahverfi og Árbæjarskólahverfi. Árbæjarskólahverfi tilheyrir Árbænum en ekki Breiðholtinu en liggur engu að síður Hólabrekkuskólahverfi og má því í þessu samhengi skilja sem hluta af samsöfnun innflytjenda í Breiðholtshverfunum.



Á hinn bóginn eru tvö stærri svæði sem samanstanda af fleiri en einu skólahverfi þar sem vægi innflytjenda í íbúafjölda skólahverfa er almennt lágt. Það fyrra er Grafarvogurinn að Ártúnsskólahverfi viðbættu. Það seinna samanstendur af tveimur skólahverfum í Grafarholts- og Úlfárdalssvæðinu, það er Ingunnarskólahverfi og Sæmundarskólahverfi, og tveimur skólahverfum af Árbæjarsvæðinu, það er Selásskólahverfi og Norðlingaskólahverfi. Að Selásskólahverfi undanskildu eru þessi skólahverfi öll ný.

Mynd 25. Hlutfall íbúa 25 ára og eldri í skólahverfum Reykjavíkur sem höfðu lokið háskólanámi og hlutfall sem hafði aðeins lokið grunnnámi árið 2020




Mynd 25 sýnir að menntunarstig er einnig mismunandi eftir skólahverfum. Myndin byggir á upplýsingum um einstaklinga 25 ára og eldri þar sem við þann aldur hefur fólk haft tíma til að afla sér að minnsta kosti einnar háskólagráðu. Það er skýrt neikvætt samband á milli hlutfalls íbúa með háskólamenntun og hlutfalls íbúa sem hafa aðeins lokið grunnenntun. Hlutfall íbúa sem hafa lokið Háskólanámi var hæst í Melaskólahverfi (61,1%) sem er allnokkuð herra en hlutfallið sem í skólahverfunum sem komu næst, það er Grandaskólahverfi (53,1%) og Hlíðaskólahverfi (52,5%). Lægstu hlutföllin voru hins vegar í Fellaskóla (17,3%), Klébergsskóla (18,4%) og Hólabrekkuskóla (21,3%).

Menntunarstig íbúa Reykjavíkur hækkaði umtalsvert á tímabilinu á milli 2000 og 2020. Spurningin er sú þróun hafi leitt til jöfnunar á milli hverfa. Í rannsóknum á sambandi stéttaruppruna og hve langt fólk gengur menntaveginna benda niðurstöður til þess að hækkan menntunarstigs nýtist fyrst þeim sem koma úr efri stéttum og viðhaldi þannig eða jafnvel auki á ójöfnuð í menntun (Breen & Muller, 2020; Lucas, 2001). Að því marki sem búsetumynstur endurspeglar stéttskiptingu í samfélaginu má ætla að munurinn hefði ekki breyst mikið eða jafnvel aukist.


Mynd 26 sýnir að hlutfall íbúa með háskólamenntun jókst í öllum skólahverfum Reykjavíkur á milli 2000 og 2020. Hlutfallsleg aukning var minnst í þeim sex skólahverfum þar sem menntunarstigið var hæst árið 2000. Mesta hlutfallslega aukningin var hins vegar í Fellaskólahverfi, sem var með lægsta hlutfallið árið 2000, þar sem hlutfall fólks með háskólamenntun hækkaði um 150%, úr 6,9% í 17,3%. Fellahverfið var engu að síður enn það skólahverfi sem var með lægst hlutfall háskólamenntaðra árið 2020. Þetta er viss vísending um jöfnun menntunar á milli skólahverfa.

Mynd 26. Hlutföll íbúa 25 ára og eldri í skólahverfum Reykjavíkur sem höfðu lokið háskólanámi 2000 og 2020




Á hinn bóginn var hækkunin í prósentustigum hæst í þeim hverfum sem menntunarstigið var hæst til að byrja með. Ef við berum til dæmis saman þau skólahverfi sem voru með hæst og lægst hlutföll háskólamenntaðra bæði árin 2000 og 2020—Melaskólahverfi og Fellaskólahverfi—var munurinn á milli þeirra meiri seinna árið. Árið 2000 voru 2,4 sinnum fleiri íbúar með háskólamenntun í Melaskólahverfi en í Fellaskólahverfi og munurinn var 19,1 prósentustig. Árið 2020 voru 3,5 sinnum fleiri íbúar með háskólamenntun í Melaskólahverfi og munurinn var 43,8 prósentustig.

Mynd 27. Líkurnar á háskólamenntun eftir skólahverfum 2000 og 2020. Gagnlíkindahlutföll




Mynd 27 ber saman gagnlíkindahlutföll á háskólamenntun í skólahverfum Reykjavíkurborgar þar sem menntunarstigið í Melaskólahverfi er notað sem viðmið. Gagnlíkindahlutföll gera okkur kleift að hörfa fram hjá því hvað menntunarstig borgarbúa hefur breyst mikið á tímabilinu og einblína þannig á samanburðinn á milli hverfa. Það sem myndin segir okkur er að raunar hafa flest skólahverfi borgarinnar ekki haldið í við Melaskólahverfi. Greining sem er ekki birt hér sýndi líka að Theil-vísitalan (sjá viðauka 2e) fyrir hlutfall íbúa með háskólamenntun var lægri árið 2020 en hún hafði verið árið 2000. Það sem hefur raunar gerst er að Melaskólahverfi, þar sem menntunarstigið var hæst árið 2000, hafði aukið forskot sitt árið 2020. Aftur á móti var dreifing

menntunar á milli skóláhverfa að verða aðeins jafnari í öðrum hverfum borgarinnar, fyrst og fremst vegna þess að menntunarstig í þeim hverfum sem voru næst Melaskóláhverfi í hlutfalli háskólámenntaðra árið 2000 hækkaði hlutfallslega minna en í öðrum hverfum borgarinnar fram til 2020.



Mynd 28 sýnir hlutfall barna í skóláhverfum borgarinnar sem eru með lögheimili hjá einstæðu foreldri árið 2020. Enn og aftur sjáum við umtalsverðan mun á milli skóláhverfa. Hlutfallið var lægst í Ártúnsskóláhverfi, Fossvogsskóláhverfi og Seláskóláhverfi en hæst í Austurbæjarskóláhverfi, Breiðholtsskóláhverfi, Árbæjarskóláhverfi og Fellaskóláhverfi. Munurinn á hæsta og lægsta hlutfallinu var rúmlega 20 prósentustig.




Að lokum sýnir mynd 29 hlutfall íbúa skóláhverfa á aldrinum 18 til 66 ára sem fengu skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun. Enn og aftur er nokkur munur á milli hverfa, en munurinn á hæsta og lægsta hlutfallinu var 11,3 prósentustig. Þrjú skóláhverfi í Breiðholtinu eru með hæstu hlutföllin,

Það eru Fellaskólahverfi, Hólabrekkuskólahverfi og Breiðholtsskólahverfi. Hlutfallið er hins vegar áberandi lægst í skólahverfi Melaskóla.

Þetta yfirlit yfir lýðfræðilegan breytileika skólahverfa Reykjavíkurborgar sýnir að á bakvið heildartölurnar fyrir Reykjavíkurborg er umtalsverður fjölbreytileiki hvað varðar samsetningu íbúa. Það er líka ljóst að þessir lýðfræðilegu þættir fara bara að takmörkuðu leyti saman. Það er jákvætt samband á milli hlutfalls barna í skólahverfinu sem deila lögheimili með einstæðu foreldri og hlutfalls íbúa sem eru innflytjendur ($R=0,723$) en neikvætt samband á milli hlutfalls íbúa 18 til 66 ára sem fá skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun og hlutfalls íbúa með háskólamenntun ($R=-0,832$). Önnur sambönd á milli þessara stærða eru óveruleg. Engu að síður eru þrjú skólahverfi þar sem fara saman lágt menntunarstig, hátt hlutfall barna sem búa hjá einstæðum foreldrum, hátt hlutfall íbúa sem fá skattskyldar greiðslur frá TR og hátt hlutfall innflytjenda. Það eru Breiðholtsskólahverfi, Fellaskólahverfi og Hólabrekkuskólahverfi.

5.2. Fjárhagur íbúa mismunandi skólahverfa


Megin viðfangsefni þessarar skýrslu er eftir sem áður fjárhagslegur ójöfnuður á milli einstaklinga og á milli hverfa í Reykjavík. Við höfum þegar séð að búsetumynstur mismunandi tekjuhópa eru ólík innan Reykjavíkur. Hvað varðar tekjur bentu niðurstöðurnar til vaxandi einangrunar lágtekjufólks á tímabilinu 2000 til 2020 en á sama tíma virðist hafa dregið úr aðskilnaði í búsetu fólks með mismunandi eiginfjárstöðu. Hér verður hins vegar farið nánar yfir tekjur, eignir og lágtekjuhluftöll íbúa mismunandi skólahverfa í Reykjavík.



Mynd 30 sýnir miðgildi ráðstöfunartekna í skólahverfum Reykjavíkurborgar árið 2020. Miðgildið gefur almenna mynd af tekjum íbúa. Það voru tvö skólahverfi þar sem miðgildi ráðstöfunartekna náði 6 milljónum á ári, það er Ártúnsskólahverfi og Fossvogsskólahverfi. Ráðstöfunartekjur íbúa skólahverfanna í Grafarvogi voru líka í hærra lagi sem og íbúa Selásskólahverfis og Ingunnarskólahverfis. Miðgildi ráðstöfunartekna í nýju hverfunum voru í öllum tilfellum hærra en miðgildi ráðstöfunartekna í borginni í heild. Hverfin með lægstu ráðstöfunartekjurnar voru hins vegar skólahverfi Vesturbæjarskóla og Austurbæjarskóla. Þeim næst var svo Fellaskólahverfi. Auk þess voru tvö önnur skólahverfi í Breiðholti með lægra miðgildi ráðstöfunartekna en Reykjavík heilt yfir.


Miðgildið gefur þó aðeins grófa mynd því íbúar hverfa eru óhjákvæmilega með misháar tekjur. Það er því ástæða til að skoða ójöfnuð innan hverfa. Rannsóknir á afleiðingum ójöfnuðar innan hverfa eru misvísandi. Sumar rannsóknir benda til þess að ójöfnuður innan hverfa tengist ýmsum útkomum á þann hátt að meiri ójöfnuður leiði til verri útkoma (Arndís Vilhjálmisdóttir, Ragna B. Gardarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2016; Hipp, 2007). Aðrar rannsóknir benda hins vegar til þess að efnahagsleg einsleitni hverfa, og þá sérstaklega ef hverfi einkennast af samþjöppun lágtekjufólks og annarra jaðarsettra hópa, hafi neikvæðar afleiðingar fyrir íbúana (Sampson, 2012; Wilson, 2009). Í sjálfu sér getur bæði átt við ef ójöfnuður hefur mismunandi áhrif á mismunandi hópa eða hefur bæði góð og slæm áhrif eftir því til hvaða áhrifa er horft. Þannig getur mikill ójöfnuður í nærumhverfinu leitt til að fólk verði meðvitaðra um eigin stöðu með þeim afleiðingum fyrir sálarlífið sem því fylgja en einnig leitt til meiri félagslegrar blöndunar sem hefur jákvæð áhrif framtíðarhorfur barna sem búa á tekjulægri heimilum.

Mynd 31 sýnir Gini-stuðla hverfa í Reykjavík árið 2020. Mesti ójöfnuðurinn var í skólahverfum Vesturbæjarskóla og Austurbæjarskóla. Það eru að auki þau hverfi þar sem miðgildi ráðstöfunartekna var lægst. Það bendir til þess að tekjur íbúa þessara hverfa séu almennt lágar en allnokkur hópur hátekjufólks búi einnig í þessum hverfum. Þessi tvö hverfi eru athygliverð blanda fyrir að menntunarstigið er hátt, sem og hlutfall innflytjenda. Hlutfall íbúa 18 til 66 ára sem fékk skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun var mjög lágt í Melaskólahverfi og nokkuð lágt í Austurbæjarskólahverfi. Þessi hverfi eru þó ekki að öllu leyti eins. Þannig var meðalaldur íbúa mjög lár í Melaskólahverfinu en ekki í Austurbæjarskólahverfi. Þá var hlutfall einstæðra foreldra nokkuð hátt í skólahverfi Austurbæjarskóla en ekki í Melaskólahverfi. Hvað varðar ójöfnuð var Melaskólahverfi ekki langt undan.



Ójöfnuður var minnstur í Borgaskólahverfi, Rimaskólahverfi, Engjaskólahverfi og Sæmundarskólahverfi en Fellaskólahverfi er ekki langt undan. Fellahverfið er hins vegar ólíkt þeim fjórum hverfum sem eru með mestan jöfnuð í tekjudreifingu að því leyti að miðgildi ráðstöfunartekna í Fellaskólahverfi er lágt, sem er vísending um samsöfnun lágtekjufólks og fólks í neðri helmingi tekjudreifingarinnar í hverfinu.

Mynd 32. Samband á milli miðgilda ráðstöfunartekna og Gini-stuðuls skólaverfa Reykjavíkurborgar árið 2020




Mynd 32 sýnir samband miðgildis ráðstöfunartekna íbúa skólaverfa og ójöfnuðar í tekjum þeirra. Það er neikvætt samband á milli miðgildis ráðstöfunartekna og ójöfnuðar ($R=-0,458$). Það samband er þó alfarið drifið áfram að tveimur útlögum, það eru Austurbæjarskólaverfi og Vesturbæjarskólaverfi þar sem miðgildi ráðstöfunartekna er lágt en ójöfnuður mikill. Ef þessi hverfi eru tekin úr greiningunni hverfur sambandið á milli þessara breyta.

Það eru dæmi um hverfi með svipaðan ójöfnuð sem miklu munar á hvað varðar ójöfnuð. Sem dæmi má nefna Fossvogsskólaverfið sem var með Gini-stuðul upp á tæplega 0,35, líkt og Háteigsskólaverfi, en miðgildi ráðstöfunartekna í fyrrnefnda hverfinu var yfir 6 milljónir á ársgrundvelli en aðeins tæplega 4,6 milljónir í því síðarnefnda. Dreifing tekna er þannig svo gott sem sú sama í þessum hverfum en samanstendur af mjög mismunandi tekjuhópum. Í Fossvogsskólaverfi er um að ræða ójöfnuð á milli mið- og hátekjufólks en í Háteigsskólaverfi er um ójöfnuð á milli mið- og lágtekjufólks.

Þá eru einnig dæmi um hverfi þar sem miðgildi ráðstöfunartekna er svipað en ójöfnuðurinn er mismikill. Sem dæmi má nefna Melaskólaverfi og Árbæjarskólaverfi. Í báðum hverfum var miðgildi ráðstöfunartekna á ársgrundvelli rétt rúmlega 4,9 milljónir. Gini-stuðulinn í fyrrnefnda hverfinu var hins vegar 0,403 en 0,289 í því síðarnefnda. Í báðum hverfum hverfist tekjudreifingin um millitekju hópana en umtalsverður hluti íbúa Melaskólaverfis eru annað hvort há- eða lágtekjufólk á meðan íbúar í Árbæjarskólaverfi eru einsleitari hvað varðar tekjur og raðast almennt nær miðju tekjudreifingarinnar.

Að lokum eru þrjú hverfi sem er vert að huga að sérstaklega, sem eru Breiðholtsskólaverfi, Fellaskólaverfi og Hólabrekkuskólaverfi. Þessi þrjú hverfi eiga það sameiginlegt að miðgildi ráðstöfunartekna í þessum hverfum er tiltölulega lágt en það sama má segja um Gini-stuðul tekjudreifingarinnar í þessum hverfum. Það sem einkennir þessi hverfi er mikill jöfnuður á milli lágtekjuhópa, eða samsöfnun fólks með lágur tekjur í þessum hverfum.

Mynd 33. Lágtekjuhluftöll skólahverfa Reykjavíkur árið 2020




Núna beinum við sjónum að tekjulægstu íbúum Reykjavíkur. Mynd 33 sýnir hlutfall íbúa skólahverfa borgarinnar sem voru undir lágtekjumörkum. Skólahverfi Austurbæjarskóla og Vesturbæjarskóla skera sig úr hvað varðar há lágtekjuhluftöll. Hluftöllin eru hins vegar lægst í hverfum í austur hluta borgarinnar. Það er athyglivert að þó Fellaskólahverfi, Breiðholtsskólahverfi og Hólabrekkuskólahverfi hafi öll verið með tiltölulega há lágtekjuhluftöll voru þau engu að síður ekki á meðal þeirra fimm hverfa sem voru með hæstu lágtekjuhluftöllin. Það bendir til að þó samsöfnun lágtekjufólks sé eitt af einkennum þessara hverfa þá sé það ekki samþjöppun allra tekjulægsta fólksins heldur fólks í neðri helmingi tekjudreifingarinnar.

Áður er lengra er haldið er vert að gefa Melaskólahverfi nánari gaum. Lýðfræðileg einkenni hverfisins eru einkum hátt menntunarstig, lágur meðalaldur og lágt hlutfall íbúa sem fá skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun. Ráðstöfunartekjur mælast tiltölulega lágur, ójöfnuðurinn mikill og lágtekjuhluftallið mælist nokkuð hátt, sem er á skjön við hátt menntunarstig og lágt hlutföll íbúa sem fá skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun. Vísbindingin er í hinum lágum meðalaldri íbúa hverfisins. Eitt af sérkennum Melaskólahverfis er hátt hlutfall háskólanema. Nær einn af hverjum fimm íbúum hverfisins (18,9%) voru skráðir í háskólanám árið 2020. Það var um tvisvar sinnum hærra hlutfall en í því hverfi sem hafði næst hæsta hlutfall háskólanema, það er Hlíðaskólahverfis þar sem 9,3% íbúa voru skráðir í háskólanám. Þessi sérstaða hverfisins er í senn skýring og skekkjuvaldur. Hún er skýring að því leyti að háskólanemar vaða sjaldnast í peningum. Hún er hins vegar skekkjuvaldur að því leyti að gögnin sem hér er unnið með innihalda ekki upplýsingar um námslán og fyrir vikið er það fjármagn sem háskólanemar hafa til ráðstöfunar van talið. Það má því ætla að miðgildi ráðstöfunartekna íbúa Melaskólahverfis sé í raun hærra, lágtekjuhluftallið lægra og tekjudreifingin jafnari.

Eins og tekjum er eignum og skuldum misskipt á milli skólahverfa í Reykjavík. Mynd 34 sýnir meðal eiginfjárstöðu íbúa í skólahverfum Reykjavíkur árið 2020. Fossvogsskólahverfi sker sig úr hvað varðar góða eiginfjárstöðu meðal íbúa hverfisins. Ártúnsskólahverfi en hitt skólahverfið þar sem meðal eiginfjárstaðan er jákvæð um yfir 30 milljónir króna. Þessi tvö hverfi voru einnig hverfin með hæstu ráðstöfunartekjurnar en ráðstöfunartekjurnar en hafa þó sætaskipti eftir því hvort horft er til


tekna eða eigna. Vesturbæjarskólahverfi og Austurbæjarskólahverfi eru þau hverfi þar sem eiginfjárstaða fjölskyldna er að meðaltali verst.

Mynd 34. Meðal eiginfjárstaða fjölskyldna í skólahverfum Reykjavíkur árið 2020



Mynd 35 sýnir svo ójöfnuð í eiginfjárstöðu íbúa mismunandi skólahverfa. Það eru einmitt sem skólahverfin með verstu meðal eiginfjárstöðuna sem eru með mestan ójöfnuð í eiginfjárstöðu, það er Austurbæjar- og Vesturbæjarskólahverfi. Það er ljóst að í þessum hverfum eru hópur tekjuhárra og sterkefnaðra einstaklinga en þorri hverfisins býr við aðrar aðstæður, svo sem innflytjendur sem eru tíður í þessum hverfum en einnig ungt fólk, einhleyp fólk og námsfólk.


Mynd 35. Hlutfallið á milli meðaltals og miðgildis eiginfjárstöðu fjölskyldna í mismunandi skólahverfum árið 2020



Mynd 36 sýnir hlutfall íbúa skólahverfa sem voru með neikvæða eiginfjárstöðu. Hlutfallið var lægst í Ártúnsskólahverfi, Foldaskólahverfi og Fossvogsskólahverfi. Skólahverfin í Grafarvogi koma einnig vel út úr þessum samanburði, en fjögur þeirra eru á meðal þeirra sex skólahverfa sem eru með lægstu hlutföll íbúa með neikvæða eiginfjárstöðu. Hæsta hlutfallið er hins vegar á meðal íbúa Dalskólahverfis. Ein skýringin kann að liggja í aldri hverfisins sem er mjög ungt (Dalskóli var stofnaður árið 2010). Ný hverfi laða gjarnan til sýn ungt fjölskyldufólk sem er með há veðhlutföll

á íbúðarhúsnæði sínu vegna þess hve nýlega það keypti (oft fyrsta eign) og þröngs fjárhags sem leiðir annars vegar af barneignum en hins vegar af því að tekju hafa tilhneigingu til að hækka með aldri, að minnsta kosti framan af. Þau skólahverfi sem koma næst Dalskólahverfi eru hins vegar ekki ný af nálinni. Það eru Vesturbæjarskólahverfi, Fellaskólahverfi og Austurbæjarskólahverfi sem komu einnig fremur illa út úr tekjumælingum. Þó þau gögn sem er er unnið með hér gefa ekki færi á að skýra stöðu þessara hverfa en miðað við það sem hefur komið fram fyrr í þessari skýrslu má ætla að það sé séu mismunandi þættir á bakvið há hlutföll í þessum hverfum, til dæmis að staðan í Austurbæjarskólahverfi skýrist að einhverju leyti af fyrstu kaupum ungs barnslaus fólks sem kys að búa í gömlu miðborginni á meðan staðan í Fellahverfi skýrist af háu hlutfalli innflytjenda og annarra hópa með bága efnahagslega stöðu. Hin Breiðholtshverfin spanna stóran hluta af dreifingunni. Til dæmis er Seljaskólahverfi með fremur lágt hlutfall íbúa með neikvæða eiginfjárstöðu.

Mynd 36. Hlutfall fjölskyldna í skólahverfum í Reykjavík sem voru með neikvæða eiginfjárstöðu árið 2020




5.3. Þróun ójöfnuðar og íbúasamsetning Reykjavíkur

Eins og fram hefur komið stýrist ójöfnuður að einhverju leyti af lýðfræðilegum þáttum. Öldrun samfélagsins, fjölgun innflytjenda, hækkandi menntunarstig, breytingar á fjölskyldugerðum og fjölda örorkulífeyrisþega geta haft áhrif á tekjudreifinguna þar sem þessir þættir tengjast allir ráðstöfunartekjum og eignastöðu. Í þessum kafla verður þetta skoðað nánar með því að skoða hvaða áhrif það hefði á ójöfnuð tekna og eigna á milli einstaklinga ef vægi tiltekinna hópa í samfélaginu hefði haldist óbreytt á milli 2000 og 2020 og með því að skoða hve mikil áhrif það hefur á ójöfnuð á milli hverfa að stýra fyrir lýðfræðilegum þáttum.

5.3.1. Tekjur


Mynd 37 sýnir niðurstöðu í svokallaðri staðleysugreiningu (e. counter-factual analysis) á tekjudreifingunni sem byggir á notkun svokallaðrar óreiðuvísitölu (e. generalized entropy index). Nánari upplýsingar um þessar aðferðir má finna í viðauka 2e.

Mynd 37. Minnkun ójöfnuðar ráðstöfunartekna í Reykjavík árið 2020 ef samsetning íbúa hefði haldist óbreytt frá árinu 2000.



Mynd 38 sýnir hve mikið ójöfnuður hefði minnkað í Reykjavík ef samsetning borgarbúa hefði verið sú sama árið 2020 og hún var árið 2000 fyrir hvern lýðfræðilegan þátt fyrir sig. Almennt eru áhrifin ekki stór en í öllum tilfellum hefur breyting á íbúasamsetningu leitt til aukins ójöfnuðar. Þannig væri ójöfnuðu 1,1% minni ef aldurssamsetning íbúa hefði haldist óbreytt eða ef háskólanemum hefði ekki fjölgað á milli 2000 og 2020. Ef hlutfall íbúa sem fékk skattskyldar tekjur frá TR hefði haldist óbreytt væri ójöfnuður ráðstöfunartekna 2,2% minni. Ef menntunarstigið hefði haldist óbreytt væri ójöfnuðurinn 3,8% minni. Fjölgun innflytjenda hefur hins vegar talsvert meiri áhrif. Ef fjöldi innflytjenda hefði haldist óbreyttur þá væri ójöfnuðurinn 6,1% minni. Breytingar á samsetningu fjölskyldugerða er þó það sem hefur haft mest áhrif. Ef fjölskyldumynstur hefðu haldist óbreytt á milli 2000 og 2020 væri ójöfnuðurinn 7,2% minni.

Mynd 38. Hlutfall tekjudreifingar sem er hægt að rekja til munar á milli skólahverfa í Reykjavík 2000 til 2020



Við snúum okkur núna að ójöfnuði á milli skólahverfa. Mynd 37 sýnir hlutfall ójöfnuðar mældum með Gini-stuðlinum sem er hægt að rekja til munar á milli skólahverfa. Við sjáum fyrst þessi hluti ójafnaðarins jókst á milli 2000 og 2008 en minnkaði svo fram til 2012. Síðan þá hefur hann farið vaxandi. Á fyrsta tímabilinu var tvennt að gerast. Það fyrra var aukning í aðskilnaði búsetu

mismunandi tekjuhópa en einnig að tekjur efnaðra fólks sem bjó í efnaðri hverfum borgarinnar voru að hækka meira en tekjur annarra tekjuhópa sem bjuggu í síður efnuðum hverfum. Á öðru tímabilinu (í kjölfar hrunsins) var breytingin einkum drifin áfram af þeirri staðreynd því hærri tekjur sem fólk hafði fyrir hrun, því meira höfðu tekjur þeirra tilhneigingu til að lækka í kjölfar hrunsins sem minnkaði tekjumuninn á milli hverfa. Á þriðja og síðasta tímabilinu var það einkum aukinn aðskilnaður í búsetumynstrum mismunandi tekjuhópa sem dreif hækkunina áfram.


Næsta skref er að skoða hvernig lýðfræðilegir þættir höfðu áhrif á mun á ráðstöfunartekjum á milli skólahverfa í Reykjavík. Það er gert með aðhvarfsgreiningu (OLS). Þar sem dreifing tekna er skekkd var tekinn náttúrulegur lógaritmi af ráðstöfunartekjum. Því næst var stýrt fyrir hverri lýðfræðilegri bakgrunnsbreytu fyrir sig og loks fyrir þeim öllum saman. Niðurstöðurnar gáfu stuðla fyrir hvert og eitt skólahverfa í samanburði við Austurbæjarskólahverfi. Þeim var svo umbreytt til baka í krónur til að gera stærðirnar skiljanlegri.

Mynd 39 sýnir niðurstöðurnar fyrir árið 2020 þegar stýrt er fyrir hverjum lýðfræðilega þætti fyrir sig fyrir hvert skólahverfi. Stóra myndin er sú að það hefur óveruleg áhrif að stýra fyrir háskólanámi, viðtöku skattskyldra greiðslna frá Tryggingastofnun og aldri. Ef við stýrum fyrir menntun hækka hins vegar tekjur allnokkuð í flestum skólahverfum í samanburði við Austurbæjarskólahverfi, sem einkennist af bæði lágum tekjum og tiltölulega háu menntunarstigi. Það bendir til þess að menntunarmunur á milli hverfa dragi úr ójöfnuði á milli þeirra.

Þegar stýrt er fyrir innflytjendastöðu minnkar tekjumunurinn gagnvart Austurbæjarskólahverfi umtalsvert sem bendir til þess að búsetumynstur innflytjenda auki ójöfnuð á milli hverfa. Stærstu áhrifin koma þó fram þegar það er stýrt fyrir fjölskyldugerð. Það lækkar tekjumuninn gagnvart Austurbæjarskólahverfi umtalsvert í öllum hverfum. Það þýðir að munur á milli hverfa í samsetningu fjölskyldnanna sem búa í þeim eykur ójöfnuð á milli hverfa og er stærsti þátturinn sem er skoðaður í þessari greiningu. Það eru auðvitað frávik frá þessu heildarmynstri. Það hefur til dæmis umtalsverð áhrif til lækkunar á muninn á tekjum Austurbæjarskólahverfis annars vegar og fjögurra annarra skólahverfa hins vegar að stýra fyrir aldri. Forskot Hólabrekkuskólahverfið lækkaði um 10,5%, Foldaskólahverfis um 10,6%, Fellaskólahverfis um 17,4% og Klébergsskólahverfis um 21,5%. Það þýðir að munurinn á aldursdreifingu þessara hverfa er að nokkru leyti kominn til vegna munar á aldursdreifingu þessara hverfa í samanburði við Austurbæjarskólahverfis. Munurinn á aldursdreifingum þessara hverfa í samanburði við Austurbæjarskólahverfi er að það eru lægra hlutfall af börnum (<18 ára) í Austurbæjarskóla en herra hlutfall af ungmennum (18-29 ára) og fólki á aldrinum (30-45 ára). Það er einnig ögn herra hlutfall af fólki á aldrinum 46-59 ára í þessum hverfum og mun herra hlutfall af fólki á aldrinum 60-69 ára í Klébergsskólahverfi.

Eins og fram hefur komið draga búsetumynstur eftir menntun úr ójöfnuði á milli skólahverfa. Það eru hins vegar fjögur hverfi þar sem munurinn á þeim og Austurbæjarskólahverfi er mjög mikill. Þegar það er stýrt fyrir menntun eykur Breiðholtsskólahverfi forskot sitt á Austurbæjarskóla um 77,1%, Hólabrekkuskólahverfi um 86,5%, Klébergsskólahverfi um 113,6% og Fellaskólahverfi um 158,6%. Munurinn á þessum skólahverfum og Austurbæjarskólahverfi er skýr, menntunarstigið er mun herra í Austurbæjarskólahverfi. Hlutfall íbúa sem hafa aðeins lokið grunnmenntun er umtalsvert lægra í Austurbæjarskólahverfi en hlutfall íbúa sem hafa lokið háskólanámi og þá sérstaklega framhaldsnámi á háskólastigi er mun herra. Munurinn á Austurbæjarskóla og þessum þremur skólahverfum er fremur lítill en ef Austurbæjarskólahverfi nyti ekki hás menntunarstigs væri munurinn á milli þess og þessara skólahverfa mun meiri.

Mynd 39. Stuðlar úr aðhvarfsgreiningu (OLS) með mismunandi stýribreytum. Tekjur eftir skólahverfum árið 2020



Að stýra fyrir háskólanámi hefur almennt lítil áhrif en áhrifin eru þó með mesta móti í tveimur skólahverfum, það er Fellaskólahverfi og Klébergsskólahverfi. Í báðum skólahverfum er hlutfall háskólanema fremur lágt. Jafnari dreifing háskólanema yfir borgina myndi leiða til þess að munurinn á Austurbæjarskólahverfis og þessara skólahverfa væri minni. Hann væri hins vegar meiri gagnvart Melaskólahverfi sem er það skólahverfi sem er með langsamlega hæst hlutfall háskólanema.

Þegar það er stýrt fyrir því að fá skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun eru tvö skólahverfi sem skera sig úr: Vesturbæjarskólahverfi og Dalskólahverfi. Áhrifin eru hins vegar í sitthvora áttina. Í báðum hverfum er svipað hlutfall af fólki sem fær skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun sem er ögn lægra en í Austurbæjarskólahverfi en í Vesturbæjarskólahverfi eykur þessi munur á muninn á milli þessa hverfa en í Dalskólahverfi minnkar hann muninn. Það bendir til þess að það sé allnokkur munur á aðstæðum þeirra sem fá skattskyldar greiðslur TR í Dalskólahverfi og Vesturbæjarskólahverfi. Greining leiddi í ljós að þeir einstaklingar sem frá greiðslur frá TR og búa í Vesturbæjarskólahverfi eru mun líklegri til að vera einhleypir en þeir sem búa í Dalskólahverfi, en hjúskapur lyftir kjörum þeirra sem þurfa að reiða sig á greiðslur frá Tryggingastofnun.


Ef það er stýrt fyrir innflytjendastöðu eru tvö skólahverfi sem standa upp úr fyrir það hve mikið það minnkar muninn á þeim og Austurbæjarskóla, það eru Engjaskólahverfi og Ingunnarskólahverfi en í báðum hverfum er hlutfall innflytjenda fremur lágt en fremur hátt í Austurbæjarskólahverfi. Það er þó eitt skólahverfi sem er sérstaklega athyglivert. Það er Fellaskólahverfi sem er með hæsta hlutfall innflytjenda í Reykjavík. Þegar stýrt er fyrir innflytjendastöðu eykst munurinn um 81,1% sem bendir til þess að samsöfnun innflytjenda í Fellaskólahverfi hafi sterk tengsl við bág lífsgjör íbúa Fellaskólahverfis almennt.

Að lokum hafa fjölskyldugerðir óvenju mikil áhrif á muninn á Austurbæjarskólahverfi og tveimur öðrum hverfum, það er Fellaskólahverfi og Klébergsskólahverfi. Hlutfall barnlausra einstaklinga sem búa einir er mun hærra í Austurbæjarskólahverfi en í hinum hverfunum tveimur.


Greiningin er að mörgu leyti upplýsandi um Austurbæjarskólahverfi sem slíkt. Miðgildi ráðstöfunartekna er fremur lágt í hverfinu en það virðist skýrast að umtalsverðu leyti af háu hlutfalli innflytjenda annars vegar en einnig af háu hlutfalli af ungu barnlausu fólki með háskólamenntun sem býr eitt. Það bendir til þess að lágar ráðstöfunartekjur íbúa hverfisins sé ekki fátæktarvandamál í hefðbundnum skilningi, að minnsta kosti ekki að hluta, þar sem það má ætla að umtalsverður hluti unga fólkið sem um ræðir velji að búa í Austurbæjarskólahverfi vegna þeirra lífsgæða sem hverfið býður fólki í slíkri stöðu upp á.

Mynd 40 tekur saman meðal áhrifin af tilteknum lýðfræðilegum þáttum á muninn á milli Austurbæjarskólahverfis annars vegar og allra annarra skólahverfa hins vegar. Það eru einkum tveir þættir sem hafa veruleg áhrif, það er menntun—sem hefur jákvæð áhrif sem þýðir að dreifing menntunar á milli skólahverfa hefur jafnandi áhrif á tekjur á milli þeirra—og fjölskyldugerð sem hefur neikvæð áhrif sem þýðir að munur á samsetningu á milli fjölskyldugerða í mismunandi hverfum eykur á ójöfnuð á milli hverfa. Þegar það er stýrt fyrir öllum þáttum saman lækkar munurinn á milli Austurbæjarskólahverfis og annarra skólahverfa um rúm 60% sem bendir til þess að meirihluta tekjumunar á milli skólahverfa megi rekja til lýðfræðilegra þátta.

Mynd 40. Áhrif stýribreyta á meðal mun ráðstöfunartekna skólahverfa miðað við Austurbæjarskólahverfi árið 2020



Mynd 41. Munur á ráðstöfunartekjum eftir hverfum miðað við Austurbæjarskólahverfi með og án stýribreyta árið 2020



Mynd 41 sýnir svo muninn á milli skólahverfa án stýribreyta og með öllum stýribreytum. Skólahverfunum er raðað frá minnsta muni og upp í þann mesta þegar ekki er stýrt fyrir neinum lýðfræðilegum þáttum. Myndin sýnir hvernig lýðfræðilegur munur á milli hverfa eykur ójöfnuð. Þegar það er ekki stýrt fyrir neinum lýðfræðilegum þáttum eykst munurinn gagnvart Austurbæjarskóla jafnt og þétt ef ögn aflíðandi nema á sitthvorum endum dreifingarinnar þar sem hann eykst hraðar. Hallinn á línunni þar sem er stýrt fyrir öllum lýðfræðilegu þáttunum sem hér eru skoðaðir er hins vegar umtalsvert minni. Það kemur meðal annars fram í því að munurinn á Fossvogsskólahverfi og Austurbæjarskóla, sem eru á sitthvorum endum dreifingarinnar, er 64% minni þegar stýrt hefur verið fyrir lýðfræðilegum þáttum. Í þessu samhengi er Ártúnsskólahverfi sérstaklega athyglivert. Í flestum greiningum sem eru birtar í þessari skýrslu kemur Ártúnsskólahverfi mjög vel út, á pari við Fossvogsskólahverfi. Það að stýra fyrir lýðfræðilegum þáttum hefur hins vegar meiri áhrif á Ártúnsskólahverfi og færir það niður í miðju dreifingarinnar á meðan Fossvogsskólahverfi heldur stöðu sinni sem tekjuhæsta hverfið. Það bendir til þess að góð

staða Ártúnsskólahverfis sé að mestu tilkomin vegna lýðfræðilegra einkenna íbúanna en aðrir þættir hafi meiri áhrif á stöðu Fossvogsskólahverfis.

5.3.2. Eignir og skuldir

Að lokum greinum við áhrif íbúasamsetningar á mun á eiginfjárstöðu íbúa mismunandi skólahverfa. Mynd 42 sýnir niðurstöður úr skammtaaðhvarfi (sjá viðauka 2g) þar sem stuðlar spá fyrir um skilyrt miðgildi eiginfjárstöðu eftir hverfum. Við sjáum allnokkurn mun á skilyrtum miðgildum þegar við stýrum ekki fyrir öðrum þáttum. Þannig er til dæmis munurinn á Fossvogsskólahverfi, sem er með bestu eiginfjárstöðuna, og Vesturbæjarskólahverfi, sem er með þá verstu, rétt rúmlega 30 milljónir króna.

Ef það er stýrt fyrir því hvort elsti meðlimur fjölskyldu sé háskólanemi þá leiðir það í flestum tilfellum til hækkunar á eiginfjárstöðu í samanburði við Vesturbæjarskólahverfi en þó einkum í Melaskólahverfi, Austurbæjarskólahverfi og Háteigsskólahverfi. Á hinn bóginn eru hverfi þar sem eiginfjárstaðan versnar samanborið við Vesturbæjarskólahverfi en það er einungis í Klébergsskólahverfi sem það nemur einhverju, eða -12,4%.


Þegar það er stýrt fyrir því hvort einhver innan fjölskyldunnar fær skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins dregur það úr muninum á Vesturbæjarskólahverfi og öllum hinum skólahverfunum. Mestu munar fyrir Fellaskólahverfi en munurinn á meginfjárstöðu Fellaskólahverfis og Vesturbæjarskólahverfis minnkar um 58,4% við það að stýra fyrir þessari tilteknu stærð. Áhrifin eru þó einnig umtalsverð fyrir Dalskólahverfi, Árbæjarskólahverfi, Breiðholtsskólahverfi og Klébergsskólahverfi.

Áhrifin af því að stýra fyrir því hvort einhver í fjölskyldunni fái skattskyldar greiðslur frá TR eru hins vegar minnst í Fossvogsskólahverfi ásamt Ártúnsskólahverfi, Breiðagerðisskólahverfi, Foldaskólahverfi og Melaskólahverfi.

Að stýra fyrir hæstu menntun innan fjölskyldunnar dregur það úr muninum á Vesturbæjarskólahverfi og öllum hinum skólahverfunum. Það dregur mest úr muninum á Vesturbæjarskólahverfi og Melaskólahverfi, raunar svo eiginfjárstaða íbúa seinna hverfisins er verri en íbúa Vesturbæjarskólahverfis þegar menntun er haldið stöðugri á þennan hátt. Munurinn minnkar þó einnig mikið, og nær hverfur, fyrir Austurbæjarskólahverfi, Háteigsskólahverfi, Hlíðaskólahverfi og Dalskólahverfi. Þetta eru allt hverfi þar sem munurinn á eiginfjárstöðu íbúa var ekki mjög frábrugðinn þeim í Vesturbæjarskólahverfi þegar ekki var stýrt fyrir neinu. Að sama skapi hafði minnst áhrif á muninn að stýra fyrir menntun í þeim hverfum þar sem hann var mestur fyrir, svo sem í Fossvogsskólahverfi, Foldaskólahverfi, Rimaskólahverfi og Engjaskólahverfi.

Þegar það var stýrt fyrir því hvort það væri innflytjandi í fjölskyldunni minnkaði munurinn á Vesturbæjarskólahverfi og öllum hinum skólahverfunum. Munurinn minnkaði mest fyrir Dalskólahverfi (hvarf) og Árbæjarskólahverfi en minnst fyrir Ártúnsskólahverfi og Fossvogsskólahverfi. Það hafði einnig jafnandi áhrif á milli hverfa að stýra fyrir gerð fjölskyldna. Mesta jöfnunin gagnvart Vesturbæjarskólahverfi var í Dalskólahverfi, Fellaskólahverfi og Sæmundarskólahverfi en minnsta jöfnunin var Austurbæjarskólahverfi og Fossvogsskólahverfi.


Mynd 42. Niðurstöður úr skammtaaðhvarfi. Eiginfjárstaða eftir skólahverfum með mismunandi stýribreytum árið 2020



Aldur skiptir höfuðmáli fyrir eiginfjárstöðu þar sem eiginfjárstaðan hefur tilhneigingu til að batna með hækkandi haldi. Það hafði því mikil jafnandi áhrif að stýra fyrir aldri. Mest voru áhrifin á eiginfjárstöðu í Fellaskólahverfi í samanburði við Vesturbæjarskólahverfi og raunar þannig að þegar tekið er tillit til aldurssamsetningar mældist eiginfjárstaða íbúa Fellaskólahverfis verri en Vesturbæjarskólahverfis. Í fjórum hverfum að auki var eingin munur á miðgildi eiginfjárstöðu þegar það hafði verið stýrt fyrir aldri, það voru Austurbæjarskólahverfi, Klébergsskólahverfi, Breiðholtsskólahverfi og Hólabrekkuskólahverfi. Jöfnunin var hins vegar minnst í Ártúnsskólahverfi.

Mynd 43 tekur saman meðal áhrifin af tilteknum lýðfræðilegum þáttum á muninn á milli Austurbæjarskólahverfis annars vegar og allra annarra skólahverfa hins vegar hvað varðar eiginfjárstöðu. Heilt yfir eykur það muninn á milli hverfa að stýra fyrir háskólanámi elsta fjölskyldumeðlims en áhrifin eru fremur hófleg og endurspeglar fyrst og fremst áhrif tveggja hverfa þar sem munurinn gagnvart Vesturbæjarskólahverfis jókst mjög mikið við að halda námsmannastöðu stöðugri. Það að stýra fyrir því hvort einhver á heimili fékk skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun hafði hófleg jafnandi áhrif. Áhrif menntunar voru mun meiri, minnkuðu forskot annarra hverfa á Vesturbæjarskólahverfi um rúm 59% að meðaltali. Það hafði meiri áhrif að stýra fyrir því hvort einhver í fjölskyldunni hafði stöðu innflytjanda, minnkaði forskot annarra hverfa á Vesturbæjarskólahverfi um tæp 70% að meðaltali. Það hafði svipuð áhrif á stýra fyrir fjölskyldugerð, minnkaði forskot annarra hverfa um tæp 73%. Það hafði hins vegar mest áhrif að stýra fyrir aldri en það minnkaði forskot annarra hverfa um 81% að meðaltali. Þegar stýrt var fyrir öllum þessum lýðfræðilegu bakgrunnþáttum saman minnkaði forskot annarra hverfa á Vesturbæjarskólahverfi um tæp 93% að meðaltali.


Mynd 43. Áhrif stýribreyta á miðgildismun eiginfjárstöðu skólahverfa miðað við Vesturbæjarskólahverfi árið 2020



Mynd 44 sýnir svo muninn á milli skólahverfa án stýribreyta og með öllum stýribreytum. Skólahverfunum er raðað frá minnsta muni og upp í þann mesta þegar ekki er stýrt fyrir neinum lýðfræðilegum þáttum. Niðurstöðurnar benda til þess að ójöfnuður á milli skólahverfa hvað varðar eiginfjárstöðu sé að mestu drifinn áfram af muni á íbúasamsetningu á milli ólíkra hverfa þar sem munurinn gagnvart Vesturbæjarskólahverfi hverfur, eða svo gott sem, í flestum skólahverfum. Hér

verður þó að hafa í huga að aðferðin gefur mynd að hinum „almenna“ íbúa hverfisins og nær því ekki fyllilega utan um búsetuval stóreignafólks.

Mynd 44. Munur á miðgildi eiginfjárstöðu eftir hverfum miðað við Vesturbæjarskólahverfi með og án stýribreyta árið 2020



6. Borg, úthverfi og áhrifasvæði


Eins og var fjallað um í upphafi þessarar skýrslu hafa rannsóknir Þórodds Bjarnasonar og samstarfsfólks (Ólöf Garðarsdóttir, Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, & Ian Shuttleworth, 2020) hafa flutningar frá Stór-Reykjavíkursvæðisins til nærliggjandi sveitarfélaga færst í aukana það sem af er þessari öld. Spurningin er hvort það er eitthvað mynstur í þessum búferlaflutningum. Í þessum kafla er leitað að vísbendingum um það út frá því hvernig vægi tiltekinna hópa breyttist í tilteknum skólahverfum Reykjavíkur sem og í sveitarfélögum á Stór-Reykjavíkursvæðinu og nærliggjandi sveitarfélögum.

Húsnæðiskostnaður er ein helsta ástæðan til að ætla að það sé ekki handahófskennt hvernig fólk hefur færst á milli svæða, og sérstaklega af Stór-Reykjavíkursvæðinu og til nágrannasveitarfélaga. Samkvæmt upplýsingum fasteignaskrár (Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, e.d.) var fasteignaverð hæst árið 2020 á Stór-Reykjavíkursvæðinu að Reykjavík undanskilinni, þegar tekið er tillit til stærðar húsnæðis. Verðið var næsthæst í Reykjavík. Húsnæðisverð var lægst á þeim sveitarfélögum á Suðurnesjunum sem við höfum hér til skoðunar. Verðið var hærra í þeim sveitarfélögum sem við höfum til skoðunar á Suðurlandi og Vesturlandi en á Suðurnesjum. Sveitarfélögin á Suðurlandi og Vesturlandi voru hins vegar nær Suðurnesjunum en Reykjavík hvað varðar húsnæðisverð. Húsnæðisverð hækkaði einnig minna í sveitarfélögum á Suðurlandi og Vesturlandi á milli 2007 og 2020 en það gerði á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Af þessu má leiða að með hækkandi fasteignaverði sé lágtekjufólk öðrum líklegri til að leita út fyrir Stór-Reykjavíkursvæðið, til dæmis til að tryggja sér stærra húsnæði eða til að hafa efni á húsnæði yfirhöfuð.

Mynd 45 sýnir breytinguna á lágtekjuhutfalli í mismunandi sveitarfélögum og skólahverfum Reykjavíkur. Bláu línurnar sýna tölur fyrir Reykjavík. Súlan fyrir höfuðborgina í heild er ljósblá en súlurnar fyrir skólahverfin eru dekkri. Súlan fyrir breytinguna fyrir öll svæðin í heild sinni er svört.

Súlurnar fyrir nágrannasveitarfélögin eru appelsínugular, ljósari fyrir sveitarfélögin á Stór-Reykjavíkursvæðinu og dekkri fyrir fjarlægari sveitarfélög.




Lágtekjuhluftöllin fyrir sveitarfélögin sem eru hér til skoðunar lækkaði um 2,1 prósentustig á milli 2000 og 2020. Hluftallið lækkaði minna í Reykjavík en í nágrannasveitarfélögunum. Að auki voru aðeins eitt sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu þar sem lágtekjuhluftallið hækkaði, Reykjanes, og eitt annað það sem lágtekjuhluftallið lækkaði minna en fyrir höfuðborgarsvæðið í heild sinni. Þessi sveitarfélög voru bæði utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Að öðru leyti voru það skólahverfi í Reykjavík þar sem lágtekjuhluftallið annað hvort hækkaði eða lækkaði minna en fyrir höfuðborgarsvæðið í heild. Þau tvö svæði þar sem lágtekjuhluftallið lækkaði mest voru utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Þessar niðurstöður benda ekki til þess að það hafi brostið á flótti lágtekjufólks af höfuðborgarsvæðinu.

Það eru auðvitað aðrir þættir en búferlaflutningar sem hafa áhrif á lágtekjuhluftöllin á þessum svæðum, svo sem breytingar á vinnumarkaðnum. Þannig má hugsa sér að einstaklingur sem flytur frá svæði A, sem er dýrt, á svæði B, sem er ódýrt, og bjóðist þar starf sem er betur launað er viðkomandi ekki bara að draga úr húsnæðiskostnaði heldur einnig að hækka tekjur sínar, hugsanlega nægilega mikið til að komast upp fyrir lágtekjumörkin.

Fólk undir lágtekjumörkum er auðvitað ekki einsleitur hópur og mismunandi einstaklingar undir lágtekjumörkum standa frammi fyrir mismunandi áskorunum sem hafa áhrif á hve fýsilega það metur ólíka búsetukosti. Því er ástæða til að skoða nánar þrjá hópa sem búa við auknar líkur á fátækt, það er fjölskyldur einstæðra foreldra, fólk á vinnualdri sem fær skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og innflytjendur.


Mynd 46 sýnir breytinguna á hluftalli barna sem eru með lögheimili hjá einstæðu foreldri í skólahverfum Reykjavíkur og í sveitarfélögum í nágrenni Reykjavíkur á milli 2000 og 2020. Það sem myndin sýnir er að almennt hefur hluftallið hækkað í nágrannasveitarfélögum og einkum þeim sveitarfélögum sem eru utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Það er aðeins eitt sveitarfélag þar sem hluftallið lækkar, það er Hveragerði. Þegar kemur að skólahverfum borgarinnar hefur hluftallið lækkað í fleiri hverfum en það hefur hækkað en þó áberandi mest í Fellahverfinu.

Mynd 46. Breyting á hlutfalli barna sem eru með lögheimili hjá einstæðu foreldri í skólahverfum og sveitarfélögum á milli 2000 og 2020 í prósentustigum



Það má líta á þetta sem vísbendingu um að einstæðir foreldrar hafi tilhneigingu til að flytja frá Reykjavík. Aftur á móti geta aðrir þættir einnig haft áhrif eins og breytingar á skilnaðartíðni í nágrennasveitarfélögum, sem húsnæðisverð getur haft áhrif á (Farnham, Schmidt, & Sevak, 2011; Klein, 2017) sem og breytingar á viðhorfum til skilnaða og einstæðra foreldra. Hvað varðar viðhorfin er hins vegar engin augljós ástæða til að ætla að viðhorf í nágrennasveitarfélögum hafi orðið frjálslýndari en viðhorf innan Reykjavíkur harðnað á tímabilinu sem um ræðir.

Mynd 47. Breyting á hlutfalli 18-66 ára sem fengu skattskyldar greiðslur frá TR í skólahverfum og sveitarfélögum á milli 2000 og 2020 í prósentustigum




Mynd 47 sýnir breytinguna á hlutfalli íbúa sem fengu skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins á milli árána 2000 og 2020. Mynstrið er mjög svipað því sem við sáum í mynd 45. Vægi hópsins hefur aukist í öllum sveitarfélögum í nágrenni Reykjavíkur nema einu, það er Reykjanesbæ, og almennt meira í sveitarfélögum sem eru utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Eitt er þó á annan veg varðandi þau sem fá skattskyldar greiðslur frá TR í samanburði við börn einstæðra foreldra. Það eru mun færri skólahverfi í Reykjavík þar sem hlutfall fyrri hópsins hækka, eða þrjú hverfi samanborið við ellefu hverfi þar sem hlutfall barna með lögheimili hjá einstæðu foreldri hækkaði.

Hlutfallið lækkaði mest í Fellahverfi, en munurinn á Fellahverfi og næsta hverfi á eftir er ekki eins áberandi og í mynd 45.

Það er auðvitað mögulegt að eitthvað í vinnuörkuðum eða samfélagsgerð sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu skýri þessar breytingar en þetta er engu að síður vísbending um að fólk sem treystir að umtalsverðu leyti á Tryggingastofnun fyrir afkomu sína leiti í auknu mæli út fyrir borgina, til dæmis vegna húsnæðisverðs.

Að lokum skoðum við breytinguna á milli 2000 og 2020 á vægi innflytjenda í íbúafjölda skólahverfa í Reykjavík og sveitarfélögum í nágrenni borgarinnar (mynd 48). Hlutfall innflytjenda hækkaði í öllum skólahverfum og sveitarfélögum. Myndin sýnir okkur á í meirihluta skólahverfa Reykjavíkur hækkaði hlutfall innflytjenda meira en það gerði á höfuðborgarsvæðinu í heild sinni, það er í 16 skólahverfum af 28 sem voru til staðar bæði árin. Þegar kemur að nágrennasveitarfélögum var minnihluti þeirra þar sem innflytjendum fjölgaði meira en á höfuðborgarsvæðinu í heild sinni, eða sex sveitarfélög af sextán (Reykjavík ekki talin með). Þar á meðal eru öll sveitarfélögin á Suðurnesjum. Þegar kemur að sveitarfélögum á Stór-Reykjavíkursvæðinu hækkar hlutfallið í öllum tilfellum minna en á höfuðborgarsvæðinu í heild sinni. Fellaskólahverfið, það sem vægi barna einstæðra foreldra og þeirra sem fengu skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun lækkaði mest er hins vegar það skólahverfi þar sem hlutfall innflytjenda hækkaði mest.

Mynd 48. Breyting á hlutfalli innflytjenda í skólahverfum og sveitarfélögum á milli 2000 og 2020 í prósentustigum



Þessi niðurstaða vekur upp spurningar um hvað stýrir búsetuvali innflytjenda. Húsnæðisverð kann að skýra minni fjölgun þeirra í sveitarfélögum á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þá má ætla að húsnæðisverð hafi allnokkur áhrif á val þeirra á skólahverfum innan Reykjavíkur. En aðrir þættir hafa augljóslega áhrif eins og til dæmis atvinnutækifæri, fjölskylduhagir, aðgangur að upplýsingum um mismunandi svæði sem og viðmótið sem mætir þeim á svæðunum. Þessir þættir hafa svo mismunandi áhrif á ólíka hópa innflytjenda.

Þegar við skoðum myndir 45 til 48 saman benda niðurstöðurnar ekki til þess að lágtekjuhópar séu að flýja borgina. Það virðist fremur vera að gerast að það hefur orðið tilfærsla á milli mismunandi lágtekjuhópa. Fellahverfið er skýrasta dæmið um þessa tilfærslu, þar sem vægi einstæðra foreldra og öryrkja virðist hafa minnkað umtalsvert á sama tíma og vægi innflytjenda hefur aukist. Íbúafjöldi

í hverfinu breyttist lítið á tímabilinu. Í stuttu máli, á meðan innflytjendur leita til borgarinnar virðast rótgrónari lágtekjuhópar eins og fjölskyldur einstæðra foreldra og öryrkja leita út fyrir hana.

7. Umræða

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru dregnar saman í upphafi hennar og engin ástæða til að endurtaka þá upptalningu hér. Þess í stað verða niðurstöðurnar settar í víðara samhengi, fjallað um hvaða lærdóm má draga af skýrslunni fyrir stefnumótun og í hvaða spurningar niðurstöðurnar vekja sem kalla á frekari rannsóknir.

Það er erfitt að draga ályktanir um hvort ójöfnuður í tekjum og eignum sé mikill eða lítill miðað við það sem gerist í nágrannalöndunum til bæðir austurs og vesturs, vegna skorts á sambærilegum gögnum.

Samkvæmt norrænu hagstofunum voru Gini-stuðlar hinna höfuðborga Norðurlandanna 0,344 í Kaupmannahöfn, 0,339 í Helsinki, 0,328 í Stokkhólmi og 0,320 í Osló. Þessar tölur eru næst því að vera sambærilegar við þær tölur sem eru birtar hér fyrir Reykjavík sem verður komist en samkvæmt þeim var Gini-stuðullinn fyrir Reykjavík 0,323 árið 2020 sem er þó á svipuðu róli og í hinum norrænu höfuðborgunum ef í lægri kantinum á þeirri dreifingu.

Það er jafnvel erfðara að finna sambærilegar upplýsingar um ólíkindavísitölur fyrir búsetumynstur mismunandi tekjuhópa. Þegar kemur að aðskilnaði í búsetu mismunandi þjóðernishópa er gjarnan mælt með því að líta á ólíkindavísitölu undir 0,3 sem lítinn aðskilnað, á bilinu 0,3 til 0,6 sem miðlungs aðskilnað og vísitölu yfir 0,6 sem mikinn aðskilnað (Massey & Denton, 1993). Þar sem aðskilnaður í búsetu mismunandi tekjuhópa er viðmiðið í slíkum rannsóknum hins vegar að líta á gildi undir 0,2 sem lítinn aðskilnað og gildi yfir 0,4 sem mikinn aðskilnað (Marciniczak, o.fl., 2015; Tammaru T., Marciniczak, van Ham, & Musterd, 2016) . Samkvæmt þessum viðmiðum var aðskilnaðurinn í búsetumynstrum mismunandi tekjuhópa lítill árið 2000 en árið 2020 var aðskilnaðurinn enn lítill á milli mið- og hátekjufólks en í neðri kanti miðbilsins fyrir lágtekjufólk gagnvart bæði mið- og hátekjufólki.

Þegar kemur að ójöfnuði innan borga og á borgarsvæðum er margt sem borgaryfirvöld hafa litla eða enga stjórn á. Þar má telja launapróun tiltekinna stétta á almennum vinnumarkaði sem eru á hendi aðila vinnumarkaðarins og í sumum tilfellum undir stjórn tiltekinna atvinnurekenda, þróun tilfærslna velferðarkerfisins sem lúta stjórn ríkisvaldsins, eða efnahagsástandsins almennt sem lýtur duttlungum alþjóðlegra markaða að umtalsverðu leyti.

Það sem borgir geta gert er að búa til umhverfi sem laðar að fólk sem stendur undir öflugum atvinnulífi og sjá til þess að lágtekjufólki sé vært í sveitarfélaginu til að það hrekist ekki í burtu. Grunnurinn að því er að það sé nægt framboð af húsnæði á mismunandi verðbilum. Aðrir þættir skipta þó einnig máli, svo sem góðar almenningssamgöngur og aðgengi að þjónustu svo sem góðum leikskólum, skólum og hvers kyns tómstundastarfi. Þá skiptir gott umhverfi umtalsverðu máli, svo sem góð almenningsskýrmi og lítill mengun. Þá skiptir máli að húsnæði, þjónusta og umhverfi henti öllum hópum og þar með talið aldurshópum þannig að það sé fýsilegur kostur fyrir fólk að búa í borginni á öllum skeiðum lífshlaupsins. Það þýðir ekki að öll hverfi þurfi að mæta þörfum allra aldurshópa jafnt. Það er eðlilegur hluti borgarlífs að fólk færast á milli hverfa á mismunandi aldurs skeiðum þar sem þarfir og óskir fólks breytast.

Þegar kemur að búsetumynstrum mismunandi tekjuhópa hafa borgaryfirvöld meiri áhrif. Að því marki sem búsetumynstur mismunandi tekjuhópa endurspeglar mismunandi aldursdreifingu á milli hverfa þarf það ekki að vera vandamál. Afkoma ólíkra aldurshópa er mismunandi af ýmsum réttlætunlegum ástæðum og eins og var komið inn á hér að ofan er ekki óeðlilegt að aldursdreifing hverfa sé mismunandi vegna mismunandi þarfa fólks á ólíkum æviskeiðum. Það sem skiptir máli er að það sé húsnæði fyrir mismunandi tekjuhópa í öllum hverfum og að umhverfið og sú þjónusta sem er í boði höfði til og nýtist sem breiðustum hluta tekjudreifingarinnar. Það er hins vegar vandmeðfarið að gera breytingar á svæðum sem einkennast þá þegar að mikilli samsöfnun lágtekjufólks. Í fyrsta lagi þarf að gæta þess að það fari ekki af stað heldrunarferli og að því marki sem þarf að skapa rými fyrir milli- og hátekjufólk er mikilvægt að samsvarandi breytingar séu gerðar á öðrum hverfum til að tryggja að það lágtekjufólk sem flytur í burtu geti fundið sér bústað innan borgarmarkanna.

Að lokum geta yfirvöld í borginni brugðist við afleiðingum þróunarinnar og Reykjavíkurborg hefur innleitt ýmsa félagslega nýsköpun á borð við Geðheilsustöð Breiðholts, Draumaskólinn í Fellaskóla, verkefnið Tinna sem tekst á við langvarandi fátækt og félagslegar erfðir. Þá hefur frístundastarf barna í Breiðholti miðað sérstaklega að inngildingum, íslenskulæsi og þátttöku.

Þessi skýrsla snertir aðeins á afmörkuðum hluta borgarsamfélagsins og er í rauninni aðeins kortlagning á stöðu. Fyrir vikið vakna fleiri spurningar en hún svarar. Í kjölfar hennar verður haldið áfram að vinna úr þeim gögnum sem hún byggir á til að greina meðal annars búsetumynstur innflytjenda, áhrif breytinga á högum fólks á búsetuval og áhrif tekna þar á, sem og breytingar á hverfum yfir tíma.

Þá er hægt að nýta gögnin ásamt ýmsum upplýsingum frá Velferðarsviði, Skóla- og frístundarsviði og jafnvel öðrum sviðum Reykjavíkurborgar og frá lögreglu yfirvöldum til að greina sambönd á milli breytinga á búsetumynstrum mismunandi tekjuhópa og mögulegrar samsöfnunar félagslegra vandamála eða áhrif á heilsufar.

Þetta eru allt viðfangsefni sem er hægt að greina með skráargögnum. Það eru hins vegar ýmsar rannsóknarspurningar sem er ekki hægt að svara með skráargögnum. Það á auðvitað við um allt sem ekki eru haldnar skrár um, sem er flest í lífi fólks eins og gildi, væntingar, félagslegt samhengi, upplifanir á umhverfi og þjónustu. Þessi listi er langt frá því að vera tæmandi. Það er hins vegar ljóst að borgarsamfélagið er umtalsverður hluti af íslensku þjóðfélagi og það eru mikilvægt að efla sjálfstæðar rannsóknir á því, bæði til að auka þekkingu á landi og þjóð en einnig til að búa til þekkingu til að styðja við stefnumótun sveitarfélaganna á svæðinu.

Viðauki 1. Gögn

Gögnin sem þessi skýrsla byggir á eru skráagögn Hagstofu Íslands. Um er að ræða upplýsingar úr þjóðskrá, skólaskrá, menntunarskrá og skattskráum við lok hvers árs á tímabilinu 2000 til 2020. Gögnin innihalda upplýsingar um kyn, aldur, fjölskyldustöðu, búsetu eftir sveitarfélögum og niður á skólahverfi fyrir íbúa Reykjavíkur, menntun, hvort fólk sé skráð í nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi, erlendan bakgrunn, uppruna, tekjur, eignir og skuldir.

Svæðið sem gögnin ná yfir er höfuðborgarsvæðið í víðum skilningi. Auk Reykjavíkur og sveitarfélaga á Stór-Reykjavíkur svæðinu (Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes) ná gögnin til nærliggjandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Suðurlandi og á Vesturlandi.

Miðað er við sveitarfélagaskipan eins og hún var árið 2021. Það þýðir að sveitarfélög sem hafa verið sameinuð öðrum á tímabilinu sem gögnin ná yfir og telja sem hluti þess sveitarfélags sem þau voru árið 2020. Þetta á við um Álftanes sem sameinaðist Garðabæ árið 2013, sveitarfélögin Sandgerðisbær og Garður sem sameinuðust í Suðurnesjabæ árið 2019, og sveitarfélögin Borgarfjarðarsveit, Borgarbyggð, Hvítársíðuhreppur og Kolbeinsstaðahreppur sem sameinuðust undir merkjum Borgarbyggðar árið 2006. Minni sveitarfélög hafa verið sameinuð í eitt í gögnunum til að gæta persónuverndar. Þannig eru Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur talin sem eitt svæði og Hvalfjarðarsveit, Kjósahreppur og Skorradalshreppur talin saman sem Hvalfjarðarsvæðið. Alls bjuggu um 77% af íbúum Íslands á svæðinu sem rannsóknin náði til, ef miðað er við upphaf árs 2020.

Auk svæðaskiptingar á milli sveitafélaga er Reykjavík skipt upp eftir skólahverfum eins og þau voru árið 2021 til að gæta samræmis á afmörkun svæða á milli ára, enda hafa mörk skólasvæða ekki haldist óbreytt á árunum 2000 til 2020. Þannig breytti borgarráð mörkum skólahverfa Langholtsskóla og Vogaskóla sem og mörkunum á milli hverfa Grandaskóla og Melaskóla á milli árána 2016 og 2017. Þá bættust við fjögur skólahverfi í Reykjavík með uppbyggingu borgarinnar til austur. Skólahverfin sem um ræðir eru Ingunnarskólahverfi (2001 miðað við stofnun skóla), Sæmundarskólahverfi (2007) og Dalskólahverfi (2010) í Grafarholti og Úlfarsárdal og Norðlingaskólahverfi (2005) í Árbæ. Í skýrslunni bera skólahverfin nafn skólans sem þau heyrja undir. Borgaskóli og Engjaskóli voru sameinaðir árið 2012. Á sama tíma voru Korpuskóli og Víkurskóli sameinaðir í Kelduskóla. Árið 2020 var Borgaskóla og Engjaskóla svo skipt upp aftur, Kelduskóli var lagður niður og skólahverfi hans felld undir skólahverfi Engjaskóla.

Viðauki 2. Skilgreiningar og aðferðir

Viðauki 2a. Ráðstöfunartekjur

Hugtakið „ráðstöfunartekjur“ vísar hér til jafngilda ráðstöfunartekna (e. equivalent disposable incomes). Eitt af vandamálunum við að bera saman lífskjör ólíkra heimila er að útgjaldapörf þeirra er mismikil eftir fjölda og aldurssamsetningu fjölskyldumeðlima. Þannig eykst til dæmis útgjaldapörfin með hverju barni sem bætist á heimilið. Það þýðir að 300 þúsund krónur skila ekki sömu lífskjörum fyrir til dæmis barnlaus hjón og fyrir hjón með þrjú börn. Til að ná utan um það þarf að deila ráðstöfunartekjum fjölskyldunnar á einstaklingana sem tilheyra henni. Það nægir hins vegar ekki að gera það á einfaldan hátt þar sem það má ætla að það sé stærðarhagkvæmni í rekstri fjölskyldu. Það þýðir að þó lífskjör einstaklings með 200 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á mánuði séu tvisvar sinnum hærrí en þar sem deila með sér sömu fjárhæð þá eru lífskjör einstaklingsins ekki tvisvar sinnum betri þar sem stærðarhagkvæmni í heimilisrekstri hjónanna vegur upp á móti.

Þetta hefur verið leyst með því að nota svokallað jafngildiskvarða (e. equivalence scales) til að deila tekjum á milli fjölskyldumeðlima (Atkinson, Rainwater, & Smeeding, 1995; Coulter, Cowell, & Jenkins, 1992). Það er allnokkuð úrval af jafngildiskvörðum í boði og nokkur ágreiningur um hver á best við. Um það er þó engin ágreiningur að það gefur réttari mynd að nota einhvern jafngildiskvarða fremur en engan. Sá kvarði sem Hagstofa Íslands notar er hinn svokallaði breytti jafngildiskvarði OECD (e. OECD-modified equivalence scale). Samkvæmt honum fær fyrsti einstaklingur í fjölskyldu sem er fjórtán ára og eldri gildið 1. Aðrir á sama aldri fá gildið 0,5. Allir einstaklingar yngri en fjórtán ára fá svo gildið 0,3. Það þýðir að jafngildar ráðstöfunartekjur

barnlausu hjónanna sem voru tekin sem dæmi hér að ofan eru $500.000/1,5=333.333,3$ krónur á mánuði fyrir hvort um sig. Ef þau ættu þrjú börn væru jafngildar ráðstöfunartekjur þeirra $500.000/2,4=208.333,3$ krónur á mánuði. Þetta er sá jafngildiskvarði sem er notaður hér.

Ein afleiðing af þessu er að við tölum um ráðstöfunartekjur barna og þær ráðstöfunartekjur eru jafnar ráðstöfunartekjum foreldra þeirra. Það kemur illa heim og saman við veruleika þar sem börn eru ekki fjárráða. Hér er hins vegar mikilvægt að átta sig á því að með ofangreindri umbreytingu er ekki lengur um eiginlega tekjumælingu að ræða heldur mælingu á dreifingu lífskjara sem hvílir á þeirri forsendu að börn njóti góðs af tekjum foreldra sinna og geri það til jafns við foreldrana. Seinni forsendan er mun hæpnari en sú fyrri ef marka má rannsóknir á dreifingu gæða innan fjölskyldna (Bennett, 2013) en án þess að hafa upplýsingar um það er þetta það næsta sem verður komist því að meta dreifingu lífskjara í samfélagi.

Viðauki 2b. Lágtekjumörk

Lágtekjumörk eru hefðbundin fátæktarmæling sem á að endurspegla umfang afstæðrar fátæktar í samfélaginu til skoðunar, það er hlutfall íbúa sem hefur ónógar tekjur til að njóta þeirra gæða sem teljast sjálfsögð og eðlileg í samfélaginu sem um ræðir. Hér er fylgt aðferð Hagstofu Íslands og lágtekjumörk skilgreint sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna. Þeir sem eru með ráðstöfunartekjur undir þessum mörkum mynda þann hóp sem er talinn í hættu á fátækt. Það er mikilvægt að hafa í huga að það eitt að vera undir lágtekjumörkum er ekki endilega til marks um að búa við fátækt, sem er megin ástæða þess að það var hætt að nota hugtakið „fátæktarmörk“. Hluti hópsins er undir mörkum í skamman tíma án þess að það komi verulega niður á lífsgæðum þeirra til lengri tíma, til dæmis námsfólk eða fólk sem lendir í tímabundnum atvinnumissi eða veikindum.

Viðauki 2c. Gini-stuðullinn

Gini-stuðullinn er vel þekkt mæling á Íslandi úr tekjudreifingartölfræði Hagstofu Íslands. Gildi stuðulsins eru á bilinu núll til einn en fyrra gildið bendir til þess að tekjur dreifist fullkomlega jafnt á milli allra en seinna gildið þýðir að einn einstaklingur hefur allar tekjurnar. Í raunveruleikanum eru auðvitað engin dæmi þess að samfélag sé með svo fullkominn jöfnuð eða algeran ójöfnuð.

Viðauki 2e. Theil vísitalan og staðleysugreiningar

Staðleysugreiningar (e. counter-factual analyses) snúast um að áætla hvernig einhver útkoma væri ef aðrar aðstæður væru uppi í samfélaginu. Það er gert með því að sundurgreina (e. decompose) framlag mismunandi þátta til útkomunnar er hægt að breyta forsendum og reikna hver staðan væri ef stærðirnar sem um ræðir væru aðrar. Theil-vísitalan er stundum notuð til að greina tekjudreifingar og henta betur fyrir sundurgreiningar og staðleysugreiningar en Gini-stuðullinn (Conceicao & Ferreira, 2000). Neðri mörk vísitölunnar eru 0 en ólíkt Gini-stuðlinum hefur hún engin efri mörk. Það sem óreiðugreiningar gera er að meta að hve miklu leyti mæld dreifing víkur frá fullkomlega jafnri dreifingu og eru ekki jafn næmar fyrir dreifingu hæstu og lægstu tekna (Allison, 1978).

Viðauki 2f. Hlutfall á milli meðaltal og miðgildis eigna

Það er erfiðara að ná utan um eignir en tekjur í skráargögnum. Fyrir því eru ýmsar ástæður, svo sem eignir í skattaskjólum, sú staðreynd að við höfum aðeins upplýsingar um eignir sem eru skráðar á kennitölu hvers einstaklings en ekki eignir sem fólk á í gegnum eignarhaldsfélög og það að eignir eru skráðar á nafnvirði en ekki raunvirði. Fyrir vikið má ætla að tölur um eignir, eiginfjárstöðu og dreifingu þeirra feli alltaf í sér umtalsvert vanmat. Þær gefa engu að síður vísbendingu um stöðu

mála hvað varðar þróunina og hvernig auðurinn skiptist á milli svæða ef fólk hefur í hugsa að ójöfnuður er að öllum líkindum meiri en tölurnar gefa til kynna.

Þau tæki sem gjarnan eru notið til að meta dreifingu tekna henta ekki til að meta dreifingu eiginfjárstöðu. Það er til dæmis ekki heppilegt að nota Gini-stuðla þar sem eiginfjárstaða getur verið neikvæð en mælingarfræðilegir eiginleikar Gini-stuðulsins eru slíkir að þegar hann er notaður á dreifingar með neikvæðum gildum hættir hann að vera og verður alfarið mælikvarði á breytileika (De Battistí, Porro og Vernizzi, 2019). Ein leið til að nálgast það er að nota hlutfallið á milli meðaltals og miðgildis dreifingar eiginfjárstöðu. Gagnsemi mælingarinnar felst í því að þar sem dreifing eigna er skekkt upp á við hefur stóreignafólk áhrif á meðaltalið en ekki á miðgildið. Fyrir vikið gefur munurinn á þessum tveimur mælingum vísbendingu um ójöfnuð í eignadreifingunni.

Það er einnig spurning um hvernig eigi að deila eignum á fjölskyldumeðlimi. Eins og fram hefur komið eru notaðir svokallaðir jafngildiskvarðar þegar tekjum er deilt á fjölskyldumeðlimi en það er ekki augljóst að þeir eigi við þegar kemur að eignum og skuldum. Til að mynda hafa börn ekki ráðstöfunarrétt yfir eignum foreldra sinna né bera ábyrgð á skuldum þeirra og ættu þar af leiðandi ekki að teljast eigiendur eða skuldarar. Það má hins vegar ætla að þau njóti góðs af eignunum á meðan þau búa á heimili foreldra sinna og það gæfi því villandi mynd af dreifingu eiginfjárstöðu ef þau væru talin hafa aðra eiginfjárstöðu en foreldrarnir. Sú leið sem hér er farin er að nota heimili fremur en einstaklinga sem greiningareiningu. Öllum eignum og skuldum allra fjölskyldumeðlima er steipt saman og dreifingin svo skoðuð á milli fjölskyldna fremur en einstaklinga.

Viðauki 2g. Skammtaaðhvarf

Skekkt dreifing eiginfjárstöðu og tíðni fólks með neikvæða eiginfjárstöðu gerir það að verkum að það er ekki hægt að nota hefðbundna aðhvarfsgreiningu minnstu fervika (OLS) til að meta áhrif lýðfræðilegra þátta á muninn á eiginfjárstöðu íbúa mismunandi skólahverfa. Dreifing eiginfjárstöðu er skekkt líkt og dreifing ráðstöfunartekna. Þegar kemur að tekjum er það gjarnan leyst með því að taka náttúrulegan lógaritma af ráðstöfunartekjum sem er svo umbreytt til baka að aðhvarfsgreiningu lokinni. Sú nálgun virkar ekki fyrir eiginfjárstöðu þar sem það er ekki hægt að taka náttúrulegan lógaritma af neikvæðum tölum.

Til að leysa þetta verður því að notast við svokallað skammtaaðhvarf (e. quantile regression). Hin betur þekkta aðhvarfsgreining minnstu fervika (e. Ordinary least squares). Hvað varðar minnstu fervik má hugsa um stuðlana sem greiningin skilar sem skilyrt meðaltöl fyrir mismunandi gildi óháðu breytunnar sem um ræðir. Það gerir þessa aðferð næma fyrir skekktri dreifingu svarbreytunnar og útlagagildum á henni. Í þeirri nálgun sem hér er beitt á skammtaaðhvarfsgreiningu er spáð fyrir um skilyrt miðgildi svarbreytunnar fyrir mismunandi gildi óháðu breytunnar. Miðgildi eru ekki næm fyrir dreifingu svarbreyta né útlagagildum á sama hátt og meðaltalið er. Til að skýra þetta má hugsa sér dreifingu einhverja gæða, svo sem epla, á milli þriggja einstaklinga. Fyrsti einstaklingurinn á eitt epli, annars einstaklingurinn tvö epli en sá þriðji á þrjú epli. Í þessu tilfelli fara meðaltal og miðgildi saman, bæði eru tvö epli. Ef þriðji einstaklingurinn eignast hins vegar þrjú epli í viðbót hækkar meðaltalið í þrjú epli. Miðgildið, fjöldi epla sem einstaklingurinn í miðju dreifingarinnar er hins vegar eftir sem áður tvö epli.

Miðgildi eru að mörgu leyti betri mælikvarði á miðsækni en meðaltöl eru þegar dreifingar eru skekktar að því leyti að þau fanga betur „hið dæmigerða“. Aftur á móti gerir skammtaaðhvarfsgreining ekki ráð fyrir línulegum áhrifum skýringarbreyta yfir alla dreifingu

svarbreytunnar. Ef við værum til dæmis að meta samband menntunar og tekna myndi greining minnstu fervika gefa niðurstöðu sem benti til þess að ábatinn af menntun væri sá sami óháð því hvar í tekjudreifingunni við erum. Skammtaáðhvarf getur hins vegar leitt í ljós að áhrif menntunar á tekjur sé mismunandi á mismunandi stöðum tekjudreifingarinnar, til dæmis þannig að menntun skili mestum ábata í kringum miðju tekjudreifingarinnar en hafi óveruleg áhrif í neðstu og/eða efstu hlutum hennar. Við túlkun á stuðlum sem fanga skilyrt miðgildi verður því að hafa í huga að greiningin endurspeglar „hinn dæmigerða“ íbúa og nær ekki sérlega vel utan um búsetumynstur stóreignafólks.

Viðauki 2h. Ólíkindavísitala

Til að greina aðskilin búsetumynstur mismunandi tekjuhópa notast ég við ólíkindavísitöluna (e. Index of Dissimilarity) sem ber saman búsetumynstur tveggja hópa. Vísitalan var þróuð af Jahn, Schmid og Schrag (1947). Formúla vísitölunnar er:

$$D = \sum_i^n t_i |p_i - P| / 2TP(1 - P)$$

n stendur fyrir fjölda búsetusvæða, t_i er fjöldi íbúa á tilteknu svæði i og p_i er fjöldi íbúa sem tilheyra tilteknum hópi á sama svæði, T er heildaríbúafjöldi og P er hlutfall hóps p innan borgarsvæðisins.

Helsti kostur ólíkindavísitölunnar er að það er einfalt að túlka niðurstöðurnar. Ólíkindavísitalan tekur á sig gildi á milli núll og einn þar sem núll endurspeglar engan aðskilnað í búsetu en einn endurspeglar fullkominn aðskilnað. Stuðullinn fyrir samanburð tveggja hópa má túlka sem hlutfall einstaklinga af öðrum hvorum hópnum sem þyrftu að flytja til að jafna búsetumynstrin á milli hópanna (Taeuber & Taeuber, 1976).

Viðauki 2i. Heimili og fjölskyldu

Í lífskjararannsókn Hagstofu Íslands (EU-SILC) er jafngildi ráðstöfunartekna reiknað út frá heimilisgerð, það er allir einstaklingar sem deila heimili eru taldir saman. Til að fá upplýsingar um heimilisgerðir þarf að safna upplýsingum beint frá þátttakendum í úrtaksrannsókn. Eðli málsins samkvæmt eru engar slíkar upplýsingar í skráargögnum Hagstofunnar. Hér er því horft til þrengri skilgreiningar, það er kjarnafjölskyldna, það er einstaklinga sem tengjast í gegnum hjúskap eða blóðbönd. Þar sem einstaklingar teljast sjálfstæð fjölskylda gagnvart skattinum frá 16 ára aldri og í þjóðskrá frá 18 ára aldri hafa breytingar á fjölskyldustöðu einstaklinga verið raktar fyrir einstaklinga upp að 25 ára aldri og einstaklingum raðað aftur inn á heimili foreldra sinna ef breyting á skilgreindri fjölskyldugerð helst ekki í hendur við breytt heimilisfang. Þannig nálgast skilgreiningin á fjölskyldum skilgreiningu Hagstofunnar á heimilum upp að vissu marki og gefur raunsannari mynd af dreifingu lífskjara en hún myndi gera ef hún hvíldi alfarið á skilgreiningum skattayfirvalda eða Þjóðskrár.

Viðauki 2h. Innflytjendur

Innflytjendur eru skilgreindir í samræmi við skilgreiningu Hagstofu Íslands. Þeir einstaklingar sem fæðast erlendis og eiga báða foreldra erlenda eru einir taldir til innflytjenda enda aðstæður þeirra aðrar en þeirra sem fæðast á Íslandi og eiga annað eða bæði foreldri erlend eða fæða erlendis og eiga annað eða bæði foreldri íslensk.

Viðauki 2i. Menntun

Hér er notast við menntunarstaðal Hagstofu Íslands, Ísmennt2008 (Hagstofa Íslands, 2017). Í minnstri sundurgreiningu tekur staðallinn á sig tíu gildi:

- 0 Engin menntun eða minna en barnapróf
- 1 Barnaskólamenntun
- 2 Grunnskólamenntun
- 3 Framhaldsskólamenntun
- 4 Viðbótarstig
- 5 Háskólamenntun, stutt nám
- 6 Háskólamenntun, bakkalárgráða
- 7 Háskólamenntun, meistara­gráða
- 8 Doktorsmenntun
- 9 Menntun óþekkt

Menntunarstig einstaklinga er skilgreint út frá hæstu menntun sem viðkomandi hafði lokið árið sem um ræðir.

Viðauki 2j. Palma hlutfallið

Palma-hlutfallið er fengið með því að taka reikna hlutdeilt í heildartekjum samfélagsins sem renna til 10% tekjuhæstu einstaklinganna sem hlutfall af hlutdeild þeirra 40% sem eru með lægstu tekjurnar.

Heimildaskrá

- Allison, P. (1978). Measures of inequality. *American Sociological Review*, 43, 865-880.
- Arndís Vilhjálm­sdóttir, Ragna B. Garðarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Inga Dóra Slgfúsdóttir. (2016). Neighborhood income inequality, social capital and emotional distress among adolescents: A population-based study. *Journal of Adolescence*, 51(2016), 92-102.
- Atkinson, A. B. (2015). *Inequality. What can be done?* Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Atkinson, A., Rainwater, L., & Smeeding, T. (1995). *Income distribution in OECD countries: Evidence from the Luxembourg Income Study*. Paris: OECD.
- Barone, G., & Mocetti, S. (2016). Inequality and trust: new evidence from panel data. *Economic Inquiry*, 54(2), 794-809.
- Baum-Snow, N., & Hartley, D. (2016). *Accounting for central neighborhood change, 1980-2010*. Chicago: Federal Reserve Bank of Chicago.
- Bennett, F. (2013). Researching within-household distribution: Overview, developments, debates, and methodological challenges. *Journal of Marriage and the Family*, 75(3), 582-597.
- Bhuller, M., Mogstad, M., & Salvanes, K. (2017). Life-cycle earnings, education premiums, and internal rates of return. *Journal of Labor Economics*, 35(4), 993-1030.
- Bradbury, B. (2008). Time and the cost of children. *Review of Income and Wealth*, 54(3), 305-323.

- Breen, R., & Muller, W. (2020). *Education and intergenerational social mobility in Europe and the United States*. Stanford: Stanford University Press.
- Bukodi, E., & Goldthorpe, J. (2019). *Social mobility and education in Britain*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Chen, Y., & Rosenthal, S. (2008). Local amenities and life-cycle migration: Do people move for jobs or fun? *Journal of Urban Economics*, 64(3), 519-537.
- Conceicao, P., & Ferreira, P. (2000). *The young person's guide to the Theil index: Suggesting intuitive interpretations and exploring analytical applications*. UTIP Working Paper No. 14.
- Coulter, F., Cowell, F., & Jenkins, S. (1992). Differences in needs and the assessment of income distributions. *Bulletin of Economic Research*, 44(2), 77-124.
- Coulter, R., & Scott, J. (2015). What motivates residential mobility? Re-examining self-reported reasons for desiring and making residential moves. *Population, Space and Place*, 21(4), 354-371.
- De Battistí, F., Porro, F., & Vernizzi, A. (2019). The Gini coefficient and the case of negative values. *Electronic Journal of Applied Statistical Analysis*, 12(1), 85-107.
doi:10.1285/i20705948v12n1p85
- Ellen, I., Mijanovich, T., & Dillman, K. (2001). Neighborhood effects on health: Exploring the links and assessing the evidence. *Journal of Urban Affairs*, 23(3-4), 391-408.
- Farnham, M., Schmidt, L., & Sevak, P. (2011). Housing prices and marital stability. *American Economic Review*, 101(3), 615-619.
- Florida, R. (2017). *The new urban crisis. How our cities are increasing inequality, deepening segregation, and failing the middle class-and what we can do about it*. New York: Basic Books.
- Fong, E., & Berry, B. (2017). *Immigration and the city*. Cambridge: Polity Press.
- Fong, E., Shibuya, K., & Berry, B. (2022). *Segregation*. Cambridge: Polity Press.
- Freedman, D., & Woods, G. (2013). Neighborhood effects, mental illness and criminal behavior: a review. *Journal of Politics and Law*, 6(3), 1-16.
- Galster, G., & Godfrey, E. (2007). By words and deeds: Racial steering by real estate agents in the U.S. in 2000. *Journal of the American Planning Association*, 71(3), 251-268.
- Goldberger, J., Wheeler, G., & Sydenstricker, E. (1920). A study of the relation of family income and other economic factors to pellagra incidence in seven cotton-mill villages of South Carolina in 1916. *Public Health Reports*, 35(46), 2673-2714.
- Graafland, J., & Lous, B. (2019). Income inequality, life satisfaction inequality and trust: a cross country panel analysis. *Journal of Happiness Studies*, 20(6), 1717-1737.
- Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Þóroddur Bjarnason, Aileen Stockdale, & Tialda Haartsen. (2021). What's love got to do with it? Love-life gossip and migration intentions in rural Iceland. *Journal of Rural Studies*, 87(1), 236-242.
- Hagstofa Íslands. (2017). *Ísmennt2011. Flokkun menntunarstöðu*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

- Hagstofa Íslands. (e.d.b). *Mannfjöldi eftir bakgrunni, kyni og aldri 1996-2022*. Sótt frá hagstofa.is:
https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Uppruni/MAN43000.px
- Hagstofa Íslands. (n.d.a.). *Sveitarfélög og byggðakjarnar*. Sótt frá hagstofa.is:
<https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/>
- Hagstofa Íslands. (n.d.c.). *Mannfjöldi eftir menntunarstöðu samkvæmt ISCED 2011 menntunarflokkuninni 2003-2021*. Sótt frá hagstofa.is:
https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__5_menntunarstada/SK000001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=e20dbf78-9c5f-45da-b5f3-b0bf359b3a53
- Hagstofa Íslands. (n.d.d.). *Kjarnafjölskyldur eftir sveitarfélögum og fjölskyldugerð 1998-2022*. Sótt frá hagstofa.is:
https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__Fjolskyldan/MAN07108.px
- Hagstofa Íslands. (n.d.e.). *Meðalaldur Íslendinga 1841-2022*. Sótt frá hagstofa.is:
https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__1_yfirlit__Yfirlit_mannfjolda/MAN00102.px
- Hagstofa Íslands. (n.d.f.). *Fæðingartíðni 1853-2021*. Sótt frá hagstofa.is:
https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__Faeddirdanir__Faeddir__faedingar/MAN05201.px
- Hagstofa Íslands. (n.d.g). *Framfærsluhlutfall 1951-2022*. Sótt frá hagstofa.is:
https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__1_yfirlit__Yfirlit_mannfjolda/MAN00110.px
- Hagstofa Íslands. (n.d.h). *Háskólastig*. Sótt frá www.hagstofa.is:
<https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menntun/haskolastig/>
- Helbrecht, I. (2018). *Gentrification and resistance: Researching displacement processes and adaptation strategies*. VS Verlag für Sozialwissenschaften.
- Hipp, J. (2007). Income inequality, race, and place: Does the distributon of race and class within neighborhoods affect crime rates? *Criminology*, 45(3), 665-697.
- Húsnaðis- og mannvirkjastofnun. (e.d.). *Fasteignir*. Sótt frá Fasteignaskrá:
<https://fasteignaskra.is/gogn/fasteignagattin/fasteignavidskipti/kaupendur-fasteigna/medalstaerd-husnaedis>
- Iceland, J. (2009). *Where we live not. Immigration and race in the United States*. Berkeley: University of California Press.
- Jahn, J., Schmid, C., & Schrag, C. (1947). The measurement of ecological segregation. *American Sociological Review*, 12(3), 293-303.
- Jón Gunnar Bernburg, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2009). Relative deprivation and adolescent outcomes in Iceland: A multilevel test. *Social Forces*, 87(3), 1223-1250.
- Klein, J. (2017). House price shocks and individual divorce risk in the United States. *Journal of Family and Economic Issues*, 38(4), 628-649.
- Kolbeinn Stefánsson. (2019). *Fjöldapróun örorkulífeyrisþega*. Reykjavík: Öryrkjabandalag Íslands.

- Kolbeinn Stefánsson. (2019b). *Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016*. Reykjavík: Edda öndvegissetur.
- Krysan, M., & Crowder, K. (2017). *Cycle of segregation. Social processes and residential stratification*. New York: Russell Sage Foundation.
- Lucas, S. (2001). Effectively maintained inequality: Education transitions, track mobility, and social background effects. *American Journal of Sociology*, 106(6), 1642-1690.
- Marcińczak, S., Tammaru, T., Novak, J., Gentile, M., Kovács, Z., Temelova, J., . . . Szabo, D. (2015). 'Patterns of socioeconomic segregation in the capital cities of fast-track reforming postsocialist countries. *Annals of the American Association of Geographers*, 105(1), 183-202.
- Marmot, M. (2016). *The health gap. Improving health in an unequal world*. London: Bloomsbury Publishing PLC.
- Massey, D., & Denton, N. (1993). *American apartheid. Segregation and the making of the underclass*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Oh, S., & Yinger, J. (2015). What have we learned from paired testing in housing markets? *Cityscape*, 17(3), 15-60.
- Ólöf Garðarsdóttir, Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, & Ian Shuttleworth. (2020). Is internal migration declining in Iceland? Intensities, geographical patterns and population composition 1986–2017. *Population, Space and Place*, 27(7). doi:<https://doi.org/10.1002/psp.2339>
- Piketty, T. (2017). *Capital in the twenty-first century*. Cambridge, MA: Belknap Press.
- Sampson, R. (2012). *Great American city. Chicago and the enduring neighborhood effect*. Chicago: The University of Chicago Press.
- Sander, M., Oxlund, B., Jespersen, A., Krasnik, A., Mortensen, E., Westendorp, R., & Rasmussen, L. (2015). The challenges of human population ageing. *Age & Ageing*, 44(2), 185-187.
- Sharkey, P. (2013). *Stuck in place. Urban neighborhoods and the end of progress towards racial equality*. Chicago: Chicago University Press.
- Sims, M., Sims, T., & Bruce, M. (2007). Urban poverty and infant mortality rate disparities. *Journal of the National Medical Association*, 99(4), 349-356.
- Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson. (2017). *Ójöfnuður á Íslandi. Skipting tekna og eigna í fjölþjóðlegu samhengi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Taeuber, K., & Taeuber, A. (1976). A practitioner's perspective on the index of dissimilarity. *American Sociological Review*, 41(5), 884-889.
- Tammaru, T., Marcinczak, S., Aunap, R., van Ham, M., & Janssen, H. (2020). Understanding the relationship between income inequality and residential segregation between socio-economic groups. *Regional Studies*, 54(4), 450-461.
- Tammaru, T., Marcinczak, S., van Ham, M., & Musterd, S. (2016). *Socio-economic segregation in European capital cities. East meets west*. Oxford: Routledge.
- Tryggingastofnun ríkisins. (n.d.). *Tölfræði TR*. Sótt frá tr.is: <https://www.tr.is/tryggingastofnun/arsskyrslur%20-%20tolfraedi/maelabord>

- van Ham, M., Tammaru, T., Ubareviciene, R., & Janssen, H. (2021). *Urban socio-economic segregation and income inequality. A global perspective*. Cham: Springer.
- Wilkinson, R., & Pickett, K. (2011). *The spirit level: Why greater equality makes societies stronger*. London: Bloomsbury Publishing.
- Wilkinson, R., & Pickett, K. (2019). *The inner level: How more equal societies reduce stress, restore sanity and improve everyone's well-being*. London: Penguin.
- Wilson, W. J. (1987). *The truly disadvantaged. The inner city, the underclass, and public policy*. Chicago: Chicago University Press.
- Wilson, W. J. (2009). *More than just race. Being black and poor in the inner city*. London: W. W. Norton & Company Ltd.
- Wodtke, G., Harding, D., & Elwert, F. (2011). Neighborhood effects in temporal perspective: The impact of long-term exposure to concentrated disadvantage on high school graduation. *American Sociological Review*, 76(5), 713-736.
- Zuk, M., Bierbaum, A., Chapple, K., Gorska, K., Loukaitou-Sideris, A., Ong, P., & Thomas, T. (2015). *Gentrification, displacement, and the role of public investment: A literature review*. San Francisco: Federal Reserve Bank of San Francisco.
- Þóroddur Bjarnason. (2018). Innfæddir og aðfluttir andskotar: Áhrif uppruna og staðarsamsemdar á búsetuánægju á Norðurlandi. *Íslenska Þjóðfélagið*, 9(1), 22-44.
- Þóroddur Bjarnason. (2019). Íslenskar landsbyggðir og íslensk byggðafélagsfræði. *Íslenska Þjóðfélagið*, 10(3), 30-64.
- Þóroddur Bjarnason. (2021). Tunnelling the peninsula of trolls: A case study of road infrastructure improvements and demographic dynamics in Northern Iceland. *European Countryside*, 13(2), 368-387.
- Þóroddur Bjarnason. (2022). *Byggðafesta og búferlaflutningar á Íslandi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.